SIGRÍÐUR KJARTANSDÓTTIR
Lítill kuðungur og dömuskápur kærast
heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR
Tilboð á íbúðum á Torrevieja-svæðinu
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX
Ertu að spá í að selja?
Frítt söluverðmat
RE/MAX Torg
Valur Blomsterberg
Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is
FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur Fasteigna fyrirtækja og skipasali
FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
11. febrúar 2008 — 41. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Annað hvort eitthvað nýtt eða að hætta
Strandamenn 2007
TÍMAMÓT 16

Laðar að sér leikara

Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson sankar að sér leikurum úr Sopranos-þáttunum vinsælu.
FÓLK 30

Spáir í spilin
Eurovision-geggjarinn Páll Óskar er handviss um að Eurobandið og Mercedes Club muni bítast um sigurinn í Laugardagslögunum.
FÓLK 20

Fyrsti sigur City frá 1974
Manchester City vann báða leikina gegn nágrönnum sínum í vetur.
ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGT KÓLNANDI - Í dag verður suðvestan 10-15 m/s allra austast, annars hægari. Rigning austan til fram að hádegi, síðan úrkomulítið. Éljagangur vestan til en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti 0-8 stig, mildast við austurströndina. Frystir víðast í kvöld.
VEÐUR 4

Vilhjálmur verður áfram í borgarstjórn

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur ráðfært sig við Davíð Oddsson um pólitíska framtíð sína. Honum er ráðlagt að sitja af sér mestu orrahríðina vegna REI-málsins. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins fundar í Ráðhúsinu í dag.

BORGARMÁL Nær útilokað er talið að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segi af sér, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Líkleg niðurstaða er að hann sitji áfram sem borgarfulltrúi en borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins finni sér annað borgarstjóraefni.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn hafa ekki fundað síðan Vilhjálmur kom fram í Kastljósi á fimmtudaginn. Þeir hafa hins vegar rætt mikið saman í síma og hefur Geir H. Haarde, formaður flokksins, átt samtöl við Vilhjálm um stöðu mála. Vilhjálmur hefur enn fremur ráðfært sig við Davíð Oddsson, seðlabankastjóra og fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins.

Heimildir blaðsins herma að Vilhjálmur muni ekki taka neina ákvörðun varðandi sín mál strax. Forystumenn í flokknum hafi ráðlagt honum að taka ekki ákvörðun fyrr en orrahríðin vegna REI-málsins sé gengin yfir, þar sem almenningsálitið breytist hratt. Enn fremur þoli borgarstjórnarflokkurinn ekki átök um næsta borgarstjóraefni undir núverandi kringumstæðum. Hugsanlegt er að Vilhjálmur taki ekki ákvörðun fyrr en eftir nokkrar vikur.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins funda í Ráðhúsinu í dag. Sá fundur var löngu ákveðinn og þó að mál Vilhjálms sé ekki formlega á dagskrá er ljóst að það verður rætt. Líklegt er að Vilhjálmur tjái sig eftir fundinn. Fréttablaðið hefur ekki náð í Vilhjálm síðan á fimmtudaginn. - shá / - th

ALLT Á FLOTI ALLS STAÐAR Sjór flæddi yfir flóðgarða við Ánanaust í gær og umhverfis hringtorgið á mótum Hringbrautar, Ánanausta og Eiðsgranda. Stöðva þurfti umferð vegna vatnselgsins og kalla til stórvirkar vinnuvélar til að leysa vandann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BOBBY FISCHER Skáksnillingurinn lét eftir sig talsvert fé.

Erfðir Bobby Fischer:

Lögmenn dóttur leita sáttar

ERFÐADEILUR Lögmaður barnungrar dóttur Bobby Fischer heitins á Filippseyjum segir að leitað verði sáttar utan dómstóla við japanska ekkju hans um tilkall stúlkunnar til arfs eftir föður sinn. Frá þessu er greint í filippseyska dagblaðinu The Philippine Star í gær.

Sagt er frá því að lögmenn stúlkunnar, sem heitir Jinky Young, hafi tjáð tímaritinu The Chess Plaza Weekender að þeir hafi nú þegar tekið saman ýmis sönnunargögn fyrir erfðatilkalli hennar. Gert er ráð fyrir að þar á meðal sé DNA-sýni.

Jinky og móðir hennar Marilyn eru sagðar hafa heimsótt Fischer á Íslandi í september 2005. - aa

Vekur athygli í arabalöndum:

Viðtal við Unni í arabíska Elle

FÓLK Fjallað er um íslenska hönnuðinn Unni Friðriksdóttur í nýjasta tölublaði tímaritsins Elle Oriental. Tímaritið er gefið út bæði á frönsku og arabísku, en því er meðal annars dreift í Líbanon, Jórdaníu og í Sádi-Arabíu. Fjallað er um handtöskur Unnar á heilsíðu í blaðinu, en þær eru að mestu leyti gerðar úr sjávarleðri, sem unnið er úr íslensku fiskiroði.

Handtöskur Unnar eru nú fáanlegar á Íslandi, í Ástralíu og í Bandaríkjunum, þar sem Unnur er búsett. Unnið er að samningum um dreifirétt í Japan og nú einnig í Sádi-Arabíu. - sun / sjá síðu 30

Segir stjórn bankans hafa keypt hlutabréf af Bjarna Ármannssyni á yfirverði:

Ætlar í mál við stjórn Glitnis

VIÐSKIPTI „Þetta er svo augljóst. Stórir hluthafar, lífeyrissjóðir og fleiri eiga að láta reyna á hvort hlutafélagalögin eru til skrauts eða eitthvað til að fara eftir," segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, sem ætlar í mál við stjórn Glitnis vegna kaupa á hlutabréfum af Bjarna Ármannssyni.

„Þetta snýst um kaup á 236 milljónum hluta í Glitni á genginu 29 þegar markaðsgengi var á milli 26 og 27," segir Vilhjálmur, sem telur gengið hafa farið hæst í 27,10 dagana í kringum kaupin. Segir hann Glitni hafa keypt af Bjarna á yfirverði.

„Með vísan til 76. greinar hlutafélagalaga dreg ég í efa heimild stjórnar til að kaupa af einstökum hluthafa," segir Vilhjálmur en hann telur að um ansi rúma túlkun sé að ræða á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.

Ætlar hann að sækja málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og þá sem hluthafi í Glitni. „Ég er búinn að undirbúa þetta í nokkurn tíma og er nánast tilbúinn með öll gögn í málinu," segir hann. „Það sem kemur á óvart er að ég skuli gera þetta en ekki einhverjir aðrir hluthafar," segir Vilhjálmur og vísar þar til stærri hluthafa í Glitni.

Um áhrif málarekstursins segir Vilhjálmur alla dóma hafa fordæmisgildi. - ovd

SPURNING DAGSINS

Sveinn, var nokkuð hlaupið að þessu?

„Já, þetta var skítlétt."

Frjálsíþróttamaðurinn Sveinn Elías Elíasson bætti um helgina 36 ára gamalt Íslandsmet Bjarna Stefánssonar í 400 metra hlaupi um sautján hundraðshluta úr sekúndu.

Um 700 unglingar hafa skráð sig á vefsíðu tileinkaða útlendingahatri:

Krakkar í félagi gegn Pólverjum

LÖGREGLUMÁL Um 700 manns, mestmegnis unglingar, höfðu í gær skráð sig á vefsvæði kallað Félag gegn Pólverjum á Íslandi. Svæðið var hýst á vefnum myspace.com og mátti þar finna fjölda niðrandi athugasemda um Pólverja búsetta hérlendis.

Síðan var stofnuð á föstudag af fjórtán ára Árbæingi. Á síðunni sagði hann að Íslendingar þyrftu að losna við Pólverja áður en það væri um seinan. Hann sagði þá „skemma hluti" og „þykjast eiga landið".

„Það er mjög slæmt að heyra þetta," segir Einar Skúlason, forstöðumaður Alþjóðahússins. Hann

VEFSÍÐAN Titill síðunnar var fyrst „Félag gegn Pólverjum á Íslandi" en hafði í gærkvöldi breyst í „:)".

telur fordóma unglinganna þó ekki upprunna hjá þeim sjálfum, heldur endurómi þeir jafnan það sem þeir heyri frá sér eldra fólki. „Ég hvet foreldra og forráðamenn til að útskýra málið vel fyrir sínum börnum. Það má ekki dæma hóp þótt menn hafi misjafnar skoðanir á einhverjum einstaklingum." Einar segir að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að múgæsingur myndist.

Slóð og titli vefsíðunnar hafði verið breytt skömmu eftir að sagt var frá henni í fréttum Stöðvar 2 í gær, og meðal annars vitnað í orð yfirlögregluþjóns sem sagði að lögregla myndi skoða síðuna þar sem ummæli á henni gætu varðað við lög. Athugasemdirnar voru þó enn á sínum stað í gærkvöldi. - sh

Ölvaður ferðalangur:

Stal dráttarvél og ók í skurð

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarnesi handtók í fyrrakvöld ölvaðan mann sem hafði fyrr um kvöldið farið í vafasamt ferðalag um uppsveitir Borgarfjarðarsýslu.

Eftir að hafa fest jeppa sinn í skafli settist maðurinn, sem er um þrítugt, upp í dráttarvél sem hann fann á nálægum sveitabæ. Ökuferðin endaði úti í skurði, þar sem maðurinn skildi við laskað ökutækið og kom sér til síns heima. Þar handtók lögregla hann skömmu síðar. Auk ölvunar voru ökuréttindi mannsins í ólagi.

Maðurinn gat ekki upplýst lögreglu um hvert för hans hefði verið heitið, að sögn varðstjóra. - sh

Slagsmál á Raufarhöfn:

Of mikið fjör á þorrablótinu

LÖGREGLUMÁL Kalla þurfti út lækni frá Kópaskeri í fyrrinótt til að hlúa að manni sem hafði slasað sig í slagsmálum við annan á fjörugu þorrablóti á Raufarhöfn. Hann var skorinn á hendi eftir að hafa slegið í gegnum rúðu og hafði auk þess ökklabrotnað í átökunum.

Þá þurftu lögreglumenn í bænum að stöðva slagsmál í heimahúsi í morgunsárið. Þar var maður sleginn í andlitið með glerflösku og hlaut við það skurð á augabrún og missti tönn. Sá sem beitti fyrir sig flöskunni fór eftir það út úr húsinu og vann skemmdir á bíl fyrir utan. Hann var handtekinn. - sh

SAFE SCANDINAVIA Á borpallinum voru 539 manns. Búið var að ná í 96 þegar aðgerðin var blásin af. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umfangsmikil björgunaraðgerð:

Sprengjugabb á olíuborpalli

BRETLAND, AP Tæplega 100 manns voru hífðir um borð í björgunarþyrlur af olíuborpalli í Norðursjó í gær eftir öryggisviðvörun. En hinni umfangsmiklu björgunaraðgerð var hætt eftir að í ljós kom að viðvörunin var á misskilningi.

Rúmur tugur björgunarþyrla, herflugvélar og sprengjusérfræðingar voru send af stað í gærmorgun til að flytja 539 verkamenn af borpallinum sem er um 170 sjómílur austur af Aberdeen.

„Upptökin er víst að rekja til ummæla konu á borpallinum," sagði talsmaður flughersins. Þau hefðu gefið tilefni til að ætla að sprengja væri á borpallinum. - aa

Fann flöskuskeyti frá Nýfundnalandi

Kristófer Ögmundsson, ellefu ára Hornfirðingur, fann flöskuskeyti sem var kastað í sjóinn undan ströndum Nýfundnalands. Skeytið reyndist vera frá vélstjóra á kanadísku strandgæsluskipi sem Kristófer er kominn í samband við.

FÓLK Kristófer Ögmundsson, ellefu ára Hornfirðingur, fann á dögunum flöskuskeyti á svökölluðum Austurfjörum. Skeytið reyndist vera frá vélstjóra á kanadísku strandgæsluskipi sem kastaði því í sjóinn undan ströndum Kanada fyrir átta mánuðum.

Kristófer, eða Kristó eins og hann er kallaður, segist hafa verið á leiðinni til baka eftir fjöruferð. „Ég var búinn að finna helling af einhverju dóti og þegar við löbbuðum til baka að bílnum okkar þá sá ég flöskuskeytið. Það var frá kalli sem heitir Alfreð og á heima rétt hjá St. John's sem er höfuðborgin í Nýfundnalandi."

Um var að ræða vandlega lokaða flösku og í henni var plastpoki með bréfi og nokkrum kanadískum smápeningum. Kom í ljós að flöskuskeytinu hafði verið kastað í sjóinn undan strönd Nýfundnalands í maí síðastliðnum af Alfred nokkrum White, 2. vélstjóra á kanadíska strandgæsluskipinu Cygnus. Hann biður finnandann að senda sér bréf með tilheyrandi upplýsingum, sem Kristófer gerði um hæl. Kristófer sendi Alfred einnig upplýsingadisk um Suðausturland, íslenska smápeninga og myndir sem móðir hans málaði. „Hann er búinn að svara mér í tölvupósti. Hann ætlar að ramma myndirnar hennar mömmu inn og hengja þær upp á vegg. Honum finnst þær flottar og segir að hún sé góður málari," segir Kristófer.

Í svarbréfi Alfreds kemur fram að hann er giftur og á tvö uppkomin börn. Þau hjónin búa í

KRISTÓFER ÖGMUNDSSON Kristófer með flöskuskeytið og hundurinn hans Tara. Austurfjörur eru í baksýn. MYND/ELÍSABET

ALFRED WHITE Sendandi flöskuskeytisins er vélstjóri á strandgæsluskipi og áhugamaður um laxveiði eins og sjá má.

Kelligrews, litlum bæ í nágrenni St. John's. Hann undrast hversu langt flöskuskeytið hafði rekið á átta mánuðum, sem er ekki að undra. Líklega hefur skeytið rekið vel á annað þúsund sjómílur á leið sinni hingað.

Kristófer er mikill áhugamaður um fjöru- og fjallaferðir og ætlar að hafa augun hjá sér ef ske kynni að hann rækist á annað flöskuskeyti. „Ég er að reyna að finna eitthvað dót. Vinur minn fann einu sinni eldgamlan kíki sem mig langaði til að eiga en hann var settur á safn."

Honum finnst gaman að hafa samband við Alfred White af og til og spyrja frétta. „Við ætlum kannski að spyrja hann hvort hann geti komið á Höfn og þá getum við kannski boðið honum hingað heim til að spjalla."

svavar@frettabladid.is

SAMSTARF Svandís og Dagur útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn á kjörtímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagur og Svandís:

Útiloka Sjálfstæðisflokkinn

BORGARMÁL Svandís Svavarsdóttir og Dagur B. Eggertsson, oddvitar Vinstri grænna og Samfylkingar í minnihluta borgarstjórnar Reykjavíkur, útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn á kjörtímabilinu. Þetta kom fram í þættinum Silfri Egils í gær.

Svandís sagði að gefin hefði verið út yfirlýsing í janúar um samstarf og við hana yrði staðið. Hún sagði jafnframt að engar viðræður hefðu verið á milli Sjálfstæðisflokksins, sem hún telur óstjórntækan, og Vinstri grænna að undanförnu.

Dagur segir að minnihlutinn hafi bundist tryggðarböndum um stöðugleika við stjórn borgarinnar; það standi og að ekki sé aðstoðar að vænta frá Samfylkingunni meðan Sjálfstæðisflokkurinn „klóri sig út úr" þeim vanda sem flokkurinn eigi nú í. - shá

SLYS

Stakk sér og hálsbrotnaði

Tæplega þrítugur maður slasaðist alvarlega þegar hann stakk sér til sunds í grynnri enda sundlaugarinnar á Flúðum um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld. Líklegt var talið að hann væri hálsbrotinn. Hann var fyrst fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands en þaðan á slysadeild til Reykjavíkur.

Mikið hefur mætt á björgunar- og hjálparsveitarmönnum:

Orðnir lúnir eftir tíð illviðri

VEÐUR „Ég finn það að fólk er farið að þreytast," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, en sjálfboðaliðar í björgunarsveitum hafa staðið í ströngu undanfarnar vikur vegna tíðra illviðra sem riðið hafa yfir landið. „Þetta er einn annasamasti tími sem ég man eftir," segir Ólöf.

Yfir 400 björgunar- og hjálparsveitarmenn tókust á við ofsaveðrið sem gekk yfir landið í fyrrakvöld.

Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Landsbjargar, hefur verið björgunarsveitarmaður síðan árið 1980 og hefur upplifað ýmislegt. „Það þarf að leita mörg ár aftur í tímann til að finna eitthvað sambærilegt. Þetta er búið að vera ansi mikið álag undanfarna tvo mánuði," segir hann. Starfið bitni á atvinnu og einkalífi. „Það gleymist oft hversu dyggilega vinnuveitendur björgunarsveitarmanna hafa staðið við bakið á okkar fólki."

Húsasmiðurinn Snorri Halldórsson hefur sinnt sjálfboðastarfi í björgunarsveit í á sautjánda ár, og hefur staðið í ströngu á þeim vettvangi síðustu vikur. Hann játar að menn séu orðnir lúnir. „Þetta hefur tekið sinn skerf, bæði hjá fjölskyldufólki og

ÓLÖF SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR Ólöf, sem er upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segir illviðratíð undanfarinna vikna farna að segja til sín hjá sjálfboðaliðum sem staðið hafi í ströngu.

krökkum í skólum. Auðvitað verða menn þreyttir, en þetta er bara það sem við bjóðum okkur fram í. Þetta er hluti af okkar lífi og ef maður ætlar að gera þetta á annað borð þarf að gera þetta af fullum hug." - sh / sjá síðu 6



Viltu lækka símreikninginn um 2.000 kr. á mánuði?

2000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir öllum síma-tilboðum hjá Nova!

Farsímatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði hvort sem þú velur áskrift eða frelsi.

Þú færð 1.000 kr. inneign þegar þú kemur til Nova.

Áttu 3G síma? Komdu til Nova 1000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

Internetið í símann fylgir með! Gullpakkinn 990 kr./mán. fylgir með til 1. júní 2008!

Ef þú átt 3G síma og flytur númerið þitt yfir til Nova ertu í góðum málum. Í áskrift fylgir 1.000 kr. afsláttur á mánuði í 12 mánuði, en í frelsi 1.000 kr. inneign! Hver vill ekki borga 12.000 kr. minna á ári í farsímanotkun?

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 08.02.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,39	67,71
Sterlingspund	131,33	131,97
Evra	97,53	98,07
Dönsk króna	13,086	13,162
Norsk króna	12,139	12,211
Sænsk króna	10,33	10,39
Japanskt jen	0,6275	0,6311
SDR	105,94	106,58

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,1872
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Obama hafði betur en Clinton í forkosningum demókrata um helgina vestra:

Beina nú spjótum að McCain

BANDARÍKIN, AP Barack Obama fór með sigur af hólmi í fjórum forkosningum demókrata á laugardag, svo að hann saxaði á kjörfulltrúaforskot keppinautarins Hillary Clinton. Obama vonast til að þessi velgengni skili honum meðbyr í næstu forkosningum, en á morgun, þriðjudag, er kosið í Maryland, Virginíu og Washington-borg. Í dag verða enn fremur úrslit kunn úr prófkjöri í Maine sem fram fór í gær.

„Í dag stöðu kjósendur upp frá Vesturströndinni til Flóastrandarinnar til hjarta Bandaríkjanna til að segja „já, við getum það!“,“ sagði Obama í ávarpi til flokksmanna í Virginíu á laugardagskvöld. Áður hafði Clinton haldið stutt ávarp en í því beindi hún spjótum sínum einvörðungu að John McCain, sem yfirgnæfandi líkur þykja nú á að verði forsetaefni repúblikana. Hún lýsir sér sem þeim demókrata sem best sé til þess fallinn að takast á við McCain. Það gerir Obama einnig.

Þá vakti athygli að George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti John McCain í viðtali sem „sönnum íhaldsmanni“. Ummælin voru augsýnilega ætluð til að hjálpa McCain í baráttu hans fyrir stuðningi íhaldssamari arms flokksins, sem hefur lengi haft horn í síðu hans. Að McCain skorti þennan stuðning varð enn betur ljóst um helgina, þegar hann tapaði fyrir Mike Huckabee í forkosningum í Kansas og Louisiana. - aa

Í MEÐBYR Barack Obama ávarpar flokksmenn sína í Richmond. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sátu föst í bíl í Norðurárdal:

Hunsuðu viðvörunarskilti

LÖGREGLUMÁL Björgunarsveitarmenn björguðu í fyrrinótt pari sem sat fast í bíl efst í Norðurárdal. Fólkið hafði ætlað að aka yfir Holtavörðuheiðina, en hafði virt að vettugi vel greinilegt skilti þar sem skýrt var frá því að heiðin væri lokuð vegna ófærðar.

Parið er af erlendu bergi brotið en búsett hér á landi. Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Borgarnesi leikur enginn vafi á því að fólkið áttaði sig á því að heiðin var lokuð allri umferð, en hafi þrátt fyrir það ákveðið að reyna að komast á áfangastað í afar slæmri færð og veðri. - sh

Nefndirnar fara yfir tillögur SA í dag

Samtök atvinnulífsins funda í dag og á morgun með viðsemjendum sínum. Viðræðunefndir Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins hittast eftir hádegi í dag til að fara yfir vinnuskjal Samtaka atvinnulífsins frá því á laugardaginn.

KJARASAMNINGAR „Við lögðum fram vinnuskjal sem er kannski fyrsta plaggið frá okkur þar sem við erum að reyna að draga þetta saman,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um viðtækar tillögur samtakanna sem kynntar voru Starfsgreinasambandinu og Flóabandalaginu á fundi í Karphúsinu á laugardag. Er þar gert ráð fyrir fjögurra prósenta launahækkun til þeirra sem farið hafa á mis við launaskrið síðustu ára. Samningurinn er hugsaður til þriggja ára og gert ráð fyrir að lágmarkslaun verði 165 þúsund krónur að þeim tíma loknum.

VILHJÁLMUR EGILSSON

„Síðan ætlum við að fá til fundar við okkur landssamböndin eitt af öðru og stærstu félögin núna í framhaldinu,“ segir Vilhjálmur en fundirnir eru í dag og á morgun. Sé ætlun þeirra að leggja fram samræmdar vinnuskjöl fyrir alla aðilana. Líklegt er talið að í dag komi í ljós hvort um samflot félaganna verði eða hvort þau semji hvert um sig við SA.

Þá munu viðræðunefndir Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins hittast eftir hádegi í dag. „Okkar viðræðunefnd mun koma saman til þess að fara í gegnum það sem var lagt fram á laugardaginn,“ segir Björn Snæbjörnsson, varaformaður Starfsgreinasambands Íslands. Segir hann forystumenn þess vera að fara yfir sín mál. Spurður hvort hann sé bjartsýnn á að samningar náist svarar Björn: „Allt sem er lagt fram og allt sem er skoðað hlýtur að færa okkur nær því marki. Án þess að ég geti nokkuð sagt um það hvort þetta muni duga til þess að við náum saman fljótt.“

Þá munu samningsaðilar vera í sambandi við ríkisstjórnina um framlag hennar vegna kjarasamninganna. Mun verkalýðsforystan leggja áherslu á barnabætur, vaxtabætur og húsnæðisbætur.

Vilhjálmur nefnir einnig nokkur dæmi um það sem SA muni leggja áherslu á, meðal annars að launastefna hins opinbera verði í takt við það sem er hjá SA, auk lækkunar vaxta og lækkunar flutningskostnaðar út á land. Segir hann ríkisvaldið verða að geta brugðist við hugsanlegu atvinnuleysi. „Að þá sé ríkið til með framkvæmdir í meiri mæli en núna, þannig að menn séu ekki að byrja að fást við vandann þegar hann er kominn.“ Vilja SA einnig að ríkið greiði fyrir stóriðjuframkvæmdum. „Við erum þar að tala um Bakka, Helguvík og framleiðsluaukningu í Straumsvík.“

Um framhaldið næstu daga segir Vilhjálmur: „Þetta er að malla áfram núna og vonandi förum við að sjá fyrir endann á þessu. Ef það fer að ganga vel þarf þetta ekki að taka langan tíma.“ olav@frettabladid.is

FRÁ FUNDI SA OG ASÍ Í KARPHÚSINU Nokkurrar bjartsýni gætir um gang mála þótt enginn vilji lýsa því yfir að samningar séu að nást. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BRÝNIR BANDAMENN Robert Gates flytur ræðu sína á ráðstefnunni í München. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gates brýnir bandamenn:

Segir samstöðu NATO ógnað

ÞÝSKALAND, AP Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, reyndi á ráðstefnu í Þýskalandi í gær að sannfæra gagnrýna áhlýðendur sína um að evrópskum almenningi stæði veruleg ógn af starfsemi íslamskra öfgamanna með bækistöðvar í Afganistan. Varaði hann við því að skirrðust vissar NATO-þjóðir enn við að senda hermenn til að taka þátt í hernaði gegn skæruliðum ógnaði það sjálfri tilvist bandalagsins.

„Við megum og getum ekki látið til þess koma að bandalagið skiptist í tvennt þar sem annars vegar eru þjóðir tilbúnar til þátttöku í bardögum og hins vegar þjóðir sem eru það ekki,“ sagði Gates. „Slík þróun ... myndi í raun eyðileggja bandalagið.“ - aa

HOLLAND

Hirsi Ali vill til Frakklands

Ayyan Hirsi Ali, sem ættuð er frá Sómalíu en öðlaðist frægð sem stjórnmálamaður í Hollandi, rithöfundur og gagnrýnandi íslamstrúar, sækist nú eftir frönsku ríkisfangi þar sem hún telur sig óhultari í Frakklandi. Þetta er haft eftir henni í franska blaðinu Journal du Dimanche.

ÍRAK

Herskytta dæmd fyrir morð

Riffilskytta úr Bandaríkjaher var í gær sakfelld af herdómstól í Bagdad fyrir að hafa drepið óbreyttan íraskan borgara og komið sönnunargögnum fyrir á líkinu. Hinn sakfelldi, Evan Vela, var dæmdur í tíu ára fangelsi.

PRÓFIÐ ER ÞAÐ FYRSTA SINNAR TEGUNDAR Gerir vísindamönnum kleift að finna karlmenn sem eru í margfaldri áhættu.

Blöðruhálskirtilskrabbamein:

Nýtt greiningarpróf á markað

HEILBRIGÐISMÁL Greiningarpróf fyrir blöðruhálskrabbamein kom á markað í gær. Nefnist prófið deCODE PrCa og er það þróað af Íslenskri erfðagreiningu. Byggir prófið á átta erfðaþáttum blöðruhálskirtilskrabbameins sem hver um sig hefur áhrif á líkur manna á að fá sjúkdóminn.

Þegar áhrif allra þessara erfðaþátta eru lögð saman í einu greiningartæki getur það nýst til að finna þá karlmenn sem eiga hvað mest á hættu að fá sjúkdóminn, segir í tilkynningu frá Íslenskri erfðagreiningu.

Krabbamein í blöðruhálskirtli er eitt helsta heilbrigðisvandamál karla á Vesturlöndum. Er prófið gert samkvæmt tilvísun læknis og framkvæmt á rannsóknarstofu Íslenskrar erfðagreiningar í Reykjavík. - ovd

Vinnudeila handritshöfunda:

Lausn verkfalls virðist í nánd

BANDARÍKIN, AP Þriggja mánaða verkfall handritshöfunda í bandarískra sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum virtist í gær vera að leysast.

Stjórnendur verkalýðsfélags þeirra, The Writers Guild of America, samþykktu samhljóða í gær að vísa nýjum samningi til atkvæðagreiðslu meðal meðlima félagsins. Gert er ráð fyrir að hún fari fram á morgun, að því er Patric Verrone, forseti vesturdeildar félagsins, tjáði AP. - aa

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ
LYFJAVER APÓTEK
Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:
Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS
HUGTÓK FEB.08

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÚRKOMUSAMT FYRIR HÁDEGI

Nú fyrir hádegi er nokkuð myndarlegt úrkomusvæði yfir austanverðu landinu samfara hraðfara lægð sem er að mjaka sér norður með austurströndinni. Eftir hádegi verður hún komin norður fyrir land og þá kólnar og styttir upp að mestu fyrir austan og norðaustan til. Vestan til verða nokkuð myndarleg él.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðvestan 3-8 m/s. Él. Hiti um eða yfir frostmarki fram eftir degi en frystir með kvöldinu.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðvestan 3-8 m/s. Él.

um hádegi »



» á morgun



Víðast 10-18 m/s, hægast sunnan til.

» miðvikudagur

Austan 8-18 m/s, hvassast sunnan til.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	London	11°C heiðskírt	Friedrichshafen	8°C heiðskírt
Billund	8°C heiðskírt	París	11°C heiðskírt	Lúxemborg	8°C hálfskýjað
Osló	2°C hálfskýjað	Amsterdam	10°C heiðskírt	Alicante	15°C hálfskýjað
Stokkhólmur	3°C hálfskýjað	Frankfurt	11°C heiðskírt	Róm	10°C hálfskýjað
Gautaborg	5°C hálfskýjað	Berlín	10°C hálfskýjað	Las Palmas	20°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

11.2

EINN EINN TVEIR

dagurinn 2008

Hringdu

þótt þú sért í vafa

- Gefðu neyðarverði sem bestar upplýsingar um hvað gerðist
- Lýstu aðstæðum
- Við leiðum þig áfram
- Haltu ró þinni og svaraðu spurningum neyðarvarðar
- Farðu eftir leiðbeiningum hans
- Ekki slíta sambandinu fyrr en neyðarvörður segir það óhætt
- Aðgerðir þér til aðstoðar hefjast samhliða samtalinu

Við erum til staðar fyrir þig

112 - Ríkislögreglustjórinn - Slökkviliðin - Landhelgisgæslan - Slysavarnafélagið Landsbjörg
Rauði kross Íslands - Landlæknisembættið - Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Barnaverndarstofa - Brunamálastofnun - Flugstoðir

Gulla.is

KJÖRKASSINN

Vilt þú taka upp annan gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar?

Já 63%

Nei 37%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson setjist aftur í stól borgarstjóra?

Segðu skoðun þína á Visir.is

Smábátaeigendur á Norðausturlandi senda bréf til sveitarstjórna:

Öllum verði heimilt að róa

SMÁBÁTAEIGENDUR Fontur, félag smábátaeigenda á Norðausturlandi, hefur lagt til að öllum íslenskum ríkisborgurum verði heimilt að róa til fiskveiða á eigin fari með tvær sjálfvirkar handfæravindur óháð núverandi aflamarkskerfi. Aflann megi fénýta en hann geti aldrei myndað varanlegan eða framseljanlegan kvóta.

Fontur hefur kynnt þessa hugmynd bréflega í öllum sveitarstjórnunum fjórum á svæðinu. Viðbrögð hafa borist frá þremur. Haraldur Sigurðsson, formaður Fonts, segir að Vopnafjarðarhreppur hafi fagnað hugmyndunum og hvatt stjórnendur sjávarútvegsmála til að koma þeim í framkvæmd. Langanesbyggð treysti sér ekki til að styðja hugmyndina. Ekkert svar hafi borist frá Svalbarðshreppi en Norðurþing lýsi yfir að ekki verði ályktað um málið.

HARALDUR SIGURÐSSON

„Álit þeirra gengur raunverulega út á það að það komi þeim ekkert við hvernig ástandið sé í veikustu byggðarlögunum," segir Haraldur.

Haraldur segir aðalatriðið að engin mismunun eigi sér stað og út á það gangi hugmyndirnar. „Ferlegur skellur" hafi orðið á svæðinu þegar handfærakerfinu hafi verið aflétt á sínum tíma. Landssamband smábátaeigenda hafi barist fyrir því að taka það upp aftur. Nú þegar álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna liggi fyrir hafi verið ákveðið að senda þetta bréf út.

„Við teljum að þetta sé besta og einfaldasta leið sem hugsast getur til að bregðast við þessu áliti," segir Haraldur. „Þarna eru allir settir undir einn hatt." - ghs

Í mál vegna hármissis:

4 ára meðferð skilaði engu

JAPAN, AP Eitt helsta hármeðferðarfyrirtæki Japans hefur samþykkt að greiða fyrrverandi viðskiptavini sínum tæpar þrjár milljónir íslenskra króna í skaðabætur vegna mislukkaðrar meðferðar.

Maðurinn skrifaði undir samning hjá fyrirtækinu þar sem honum var lofað auknum hárvexti á þremur árum. Hann hóf vikulegar tveggja klukkustunda meðferðir hjá fyrirtækinu árið 2001. Fjórum árum síðar hafði lítið breyst á höfði mannsins og hann fór í mál. Samtals eyddi hann um fjórum milljónum króna í meðferðina. - kka

B-737 FLUGVÉL JETX-FLUGFÉLAGSINS Farþegar og áhöfn komust inn í flugstöðina um farangursflokkunarsal.

Miklar vindhviður við Keflavík:

Flugvél snerist við Leifsstöð

VEÐUR Vindhviða sneri flugvél um fjórðung úr hring á stæði við Leifsstöð um klukkan sjö á laugardagskvöldið þegar aka átti landgöngubrú að vélinni. Um borð voru 169 farþegar auk sjö manna áhafnar en engan sakaði.

Flugvélin er af gerðinni Boeing 737 og í eigu JetX. Var hún á leið frá Salzburg í Austurríki fyrir Primera Air.

Vegna mikils vinds treysti afgreiðsluaðili sér ekki til að snúa vélinni aftur og var því óskað aðstoðar slökkviliðs sem myndaði skjól með bifreiðum sínum svo hægt væri að koma farþegum frá borði. Snerist flugvélin svo enn frekar skömmu eftir að farþegar fóru frá borði og vísaði þá þvert á landganginn. Var þá beðið færis, flugvélinni snúið aftur og hún flutt í hentugra stæði. - ovd

EYRARBAKKI

Íbúar fleiri en sex hundruð

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands voru íbúar Eyrarbakka 608 talsins 31. janúar síðastliðinn. Er það nokkur fjölgun þar sem íbúafjöldi hefur haldist um og yfir 500. Flestir hafa íbúar á Eyrarbakka verið 923 árið 1920 en þeim fækkaði snarlega eftir það. Hefur íbúafjöldi enn ekki náð því sem hann var um aldamótin þarsíðustu því árið 1901 bjuggu 720 manns á Eyrarbakka.

Úrsögn úr Þjóðkirkju íhuguð í Laufásmáli

Skorað er á herra Karl Sigurbjörnsson biskup að hlutast til um að sonur séra Péturs Þórarinssonar heitins í Laufási fái jörðina leigða og stöðuleyfi fyrir hús sitt. Prestsetrasjóður býður fjögurra ára leigu á jörðinni en vill húsið burt.

FÓLK Mikil ólga er nú í Grýtubakkahreppi vegna þeirrar ákvörðunar Prestsetrasjóðs að heimila ekki syni séra Péturs Þórarinssonar í Laufási að sitja jörðina áfram.

Séra Pétur lést 1. mars í fyrra. Í tíð sinni sem sóknarprestur í Laufási hafði hann ásamt Þórarni syni sínum komið á myndarlegu búi með yfir 500 fjár. Þórarinn og eiginkona hans fengu að reisa sér íbúðarhús við hlið prestsbústaðarins með því skilyrði að það yrði fjarlægt þegar séra Pétur léti af embætti.

GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR

Staða sóknarprests í Laufási hefur enn ekki verið auglýst. Þórarinn vill halda búskap þar áfram og óskar eftir að fá jörðin leigða. Prestsetrasjóður býður Þórarni hins vegar aðeins að fá jörðina leigða án hlunninda til fjögurra ára og vill að íbúðarhús hans verði farið af staðnum fyrir 1. júní.

„Ég hef ekki fengið nein rök fyrir því af hverju ég þurfi að færa íbúðarhúsið en fái samt að leigja jörðina," segir Þórarinn, sem kveður mikla undiröldu meðal sóknarbarna í Grýtubakkahreppi. „Ég er að heyra það núna að fólk er að tala um að segja sig úr Þjóðkirkjunni en það er mjög alvarleg ákvörðun og slíkt gæti skilið eftir sig sár sem myndu seint gróa."

Safnað hefur verið miklum fjölda undirskrifta í sveitarfélaginu til stuðnings Þórarni og sveitarstjórnin lýsir yfir miklum vonbrigðum með tilboð kirkjuyfirvalda. Það sé í raun óaðgengilegir afarkostir. „Vill sveitarstjórn minna biskup Íslands og stjórn prestssetra á að vilji sóknarbarna í þessu máli er afar skýr," segir sveitarstjórnin.

„Þetta skiptir okkur öll miklu máli því þarna er mjög öflug fjölskylda með stórt sauðfjárbú og þau eru virk í samfélaginu," segir Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri við Fréttablaðið. Hún kveðst bæði hafa rætt málið við biskup og stjórn Prestsetrasjóðs. „Ég trúi því að allir séu tilbúnir að setjast niður og reyna að finna farsæla lausn sem allir geta sætt sig sæmilega við." segir hún.

Einn sveitunga Þórarins, Ásta F. Flosadóttir í Höfða I, hefur skrifað herra Karli biskup opið bréf með ákalli um að hann hlusti á vilja sóknarbarnanna. Í bréfinu segir Ásta þröngan hóp í prestastétt vilja bola fjölskyldu séra Péturs burt úr Laufási. Við Fréttablaðið segist hún þar eiga við hóp presta, svokallaða svartstakka, sem sitji hlunnindajarðir víða um land. gar@frettabladid.is

ÞÓRARINN PÉTURSSON Sveitungar Þórarins og Hólmfríðar Björnsdóttur konu hans vilja alls ekki að fjölskyldan þurfi að láta af búskap í Laufási.

Deilur vegna leiðaraskrifa:

Samfylkingarfólk segir upp Morgunblaðinu

FJÖLMIÐLAR Ýmsir forystumenn Samfylkingarinnar hafa sagt upp Morgunblaðinu upp á síðkastið, í mótmælaskyni við ritstjórnarskrif blaðsins.

Að sögn Finns Thorlacius, forstöðumanns áskriftardeildar blaðsins, hefur þetta haft hverfandi áhrif á fjölda áskrifenda, en hann hefur ekki nákvæma tölu á reiðum höndum.

„Og ég ætla nú að fylgjast með því hvort þau Dagur og Oddný komi ekki aftur til okkar fljótlega, því ég held að enginn geti verið í stjórnmálum án þess að lesa Morgunblaðið eins og önnur blöð," segir Finnur.

Samfylkingarfólk hefur meðal annars gagnrýnt að Morgunblaðið leiðrétti ekki sögusagnir tengdar veikindum nýs borgarstjóra. - kóþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fíkniefni í sumarbústað

Lögreglan á Selfossi handtók þrjú ungmenni um tvítugt í fyrrakvöld eftir að hafa fundið fíkniefni í sumarbústað þar sem þau dvöldu. Þar fundust tvö grömm af hassi og annað eins af amfetamíni, auk nokkurra taflna. Fólkið var allt í annarlegu ástandi.

JAPAN

Saka Rússa um lofthelgisrof

Japanar hafa ásakað rússneska herinn um að fljúga í leyfisleysi inn í japanska lofthelgi í síðustu viku. Talsmenn rússneska flughersins neita því hins vegar.

EGYPTALAND

Múslimum leyfast trúskipti

Dómstóll í Egyptalandi úrskurðaði um helgina að tólf múslimum, sem áður höfðu verið kristnir, leyfðist að snúa aftur til sinnar gömlu trúar. Samkvæmt íslömskum lögum eru trúskipti bönnuð.

Umsjónarmenn fasteigna II
- Markvisst nám í stjórnun fasteigna -

Námskeið ætlað aðilum sem bera ábyrgð á byggingum og gegna eftirlitshlutverki með þeim.

Námskeiðsþættirnir eru fjölmargir og meðal þeirra eru:

- Allt um ytra birgði húsa
- Áætlanagerð
- Stjórnun framkvæmda
- Samskipti í vinnu
- Öryggiskerfi
- Umhverfismál

Um er að ræða 50 stundir og ekki er nauðsynlegt að hafa sótt námskeiðið **umsjónarmenn fasteigna I** áður.

Næsta námskeið hefst ***18. febrúar***.

Frekari upplýsingar í ***síma 522 9000*** eða á heimasíðu okkar ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Um 1.500 sveitabæir án háhraðatengingar:

Árstöf á háhraðatengingu

ALÞINGI Tenging afskekktra býla við háhraðanet er heilu ári á eftir áætlun. Í fyrstu var talið að um 200 bæi vantaði háhraðatengingu en í ljós kom að þeir eru 1.500.

Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði í utandagskrárumræðum á Alþingi fyrir helgi að töfin skýrðist einmitt af þeirri staðreynd að sambandsleysið væri mun víðtækara er haldið var. Hann upplýsti jafnframt að þjónustan við þessa 1.500 bæi yrði boðin á næstu dögum. Kristján lét þess getið að margt væri að gerast í málinu sem sannarlega væri á háhraða. Hann sagðist jafnframt hafa séð áætlanir símafyrirtækjanna um útbreiðslu GSM-sambands um landið en þær gerðu ráð fyrir að landið allt og stór hluti miðanna yrðu komin í samband undir lok ársins. Kvað hann fyrirtækin vera að gera stórkostlega hluti á markaðslegum forsendum.

Höskuldur Þór Þórhallsson Framsóknarflokki var ekki ánægður með svör samgönguráðherra og vildi skýrari fyrirheit. Taldi hann málinu ekki hraðað nóg af hálfu stjórnvalda enda væri ekki eftir neinu að bíða; ástandið víða um land væri með þeim hætti að ef ekki kæmist á háhraðatenging hið fyrsta gæti það versnað. - bþs

KRISTJÁN L. MÖLLER Samgönguráðherra segir að nú sé unnið að háhraðatengingum á háhraða. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR**

ALLTAF GÓÐIR

Opel **Vectra** 1.9 diesel

Ekinn 42 þús. Nýskr. 12/05
Verð áður: 2.190.000 kr.

2005 Sjálfskiptur — Nú: **1.890.000 kr.**

Nissan **Primastar** 1.9D

Ekinn 70 þús. Nýskr. 06/05

2005 Beinskiptur — Verð: **1.790.000 kr.**

Nissan **Patrol** Elegance 33"

Ekinn 57 þús. Nýskr. 08/04
Verð áður: 3.680.000 kr.

2004 Sjálfskiptur — Nú: **3.390.000 kr.**

Nissan **Primera** Acenta

Ekinn 79 þús. Nýskr. 09/02

2002 Sjálfskiptur — Verð: **1.030.000 kr.**

Subaru **Impreza** GX

Ekinn 100 þús. Nýskr. 08/03
Verð áður: 1.190.000 kr.

2003 Sjálfskiptur — Nú: **990.000 kr.**

Nissan **Micra** 1.2 Visia

Ekinn 54 þús. Nýskr. 06/04

2004 Sjálfskiptur — Verð: **1.090.000 kr.**

Hyundai **Santa Fe**

Ekinn 80 þús. Nýskr. 12/02
Verð áður: 1.790.000 kr.

2002 Sjálfskiptur — Nú: **1.490.000 kr.**

Nissan **X-Trail** Sport

Ekinn 82 þús. Nýskr. 08/04
Verð áður: 1.960.000 kr.

2004 Sjálfskiptur — Nú: **1.790.000 kr.**

Opel **Vectra** 1.8

Ekinn 88 þús. Nýskr. 01/04

2004 Beinskiptur — Verð: **1.250.000 kr.**

Nissan **Primera** Comfort

Ekinn 96 þús. Nýskr. 05/02
Verð áður: 750.000 kr.

2002 Beinskiptur — Nú: **550.000 kr.**

Opel **Meriva** 1.6

Ekinn 25 þús. Nýskr. 02/06
Verð áður: 1.550.000 kr.

2006 Beinskiptur — Nú: **1.090.000 kr.**

Nissan **Pathfinder** 4.0 LE IT

Ekinn 8 þús. Nýskr. 08/06
Verð áður: 4.990.000 kr.

2006 Sjálfskiptur — Nú: **4.490.000 kr.**

Opel **Zafira-A**

Ekinn 105 þús. Nýskr. 05/00
Verð áður: 860.000 kr.

2000 Sjálfskiptur — Nú: **490.000 kr.**

Suzuki **Grand Vitara**

Ekinn 127 þús. Nýskr. 06/98

1998 Beinskiptur — Verð: **670.000 kr.**

Nissan **Pathfinder** 2.5 SE

Ekinn 48 þús. Nýskr. 01/06

2006 Beinskiptur — Verð: **3.890.000 kr.**

Isuzu **Trooper**

Ekinn 117 þús. Nýskr. 05/02

2002 Beinskiptur — Verð: **1.650.000 kr.**

Hyundai **Santa Fe** diesel

Ekinn 25 þús. Nýskr. 12/05
Verð áður: 3.090.000 kr.

2005 Sjálfskiptur — Nú: **2.690.000 kr.**

Ford **Focus**

Ekinn 70 þús. Nýskr. 08/03

2003 Beinskiptur — Verð: **1.190.000 kr.**

Ford **Ranger** Crew Cab XL

Ekinn 137 þús. Nýskr. 12/02
Verð áður: 1.250.000 kr.

2002 Beinskiptur — Nú: **1.090.000 kr.**

Ford **Focus** C-Max

Ekinn 32 þús. Nýskr. 03/06
Verð áður: 2.260.000 kr.

2006 Sjálfskiptur — Nú: **1.750.000 kr.**

Subaru **Forester** Wagon

Ekinn 170 þús. Nýskr. 02/99

1999 Beinskiptur — Verð: **660.000 kr.**

Subaru **Forester** Luxury

Ekinn 91 þús. Nýskr. 12/02
Verð áður: 1.740.000 kr.

2002 Sjálfskiptur — Nú: **1.390.000 kr.**

Nissan **Murano** 3.5 V6

Ekinn 26 þús. Nýskr. 05/06
Verð áður: 4.490.000 kr

2006 Sjálfskiptur — Nú: **3.690.000 kr.**

Hyundai **Getz**

Ekinn 68 þús. Nýskr. 11/03
Verð áður: 790.000 kr

2003 Beinskiptur — Nú: **590.000 kr.**

Skoda **Octavia**

Ekinn 107 þús. Nýskr. 06/04

2004 Beinskiptur — Verð: **1.280.000 kr.**

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Allt að 100% lán og fyrstu greiðslu þarf ekki að inna af hendi fyrr en 1. maí n.k. Með fyrirvara um prentvillur.

Góð þjónusta!

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM32043

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ Nemendur halda Lagningadaga 13., 14. og 15. febrúar næstkomandi.

Lagningadagar í Menntaskólanum við Hamrahlíð:

Halda pókermót í menntaskóla

MENNTUN „Þetta er fullkomlega eðlilegt á meðan það eru engir peningar lagðir undir," segir Brynjar Guðnason, oddviti Lagningadagaráðs Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð (MH), en pókermót verður haldið á Lagningadögum MH í næstu viku.

„Þetta er eins og annað spilamót, eins og að spila vist," segir Brynjar, „að því undanskildu að notaðir eru spilapeningar. Spilið gengur út á að enda með alla spilapeningana en svo eru verðlaun eins og í öðrum mótum."

Brynjar segir Lagningadaga vera þemadaga í kringum árshátíð nemenda MH þar sem hefðbundin kennsla víkur fyrir alls konar atriðum. Fyrirlestrar og námskeið eru haldin af nemendum, kennurum og utanaðkomandi aðilum. Sé þetta gert til að lífga upp á skammdegið og hafi Lagningadagar verði haldnir frá árinu 1975.

„Við vitum af þessu og þetta verður bara til skemmtunar eins og annað," segir Sigurborg Matthíasdóttir, rektor MH, um pókermótið. „Ég held að það þurfi varla að hafa áhyggjur af spilafíkn þó að verið sé að spila á svona dögum," segir Sigurborg, sem telur ekki ástæðu til að hafa áhyggjur þótt spilað sé í kennslustofum, „enda starfsmenn á svæðinu".

- ovd

Þú heyrir betur með ADRO™

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku **ADRO** tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

Allt að 15,05% vextir

Frábærir vextir á sparnaðinn þinn!

SPRON Vaxtabót
– allt að 15,05% vextir*
- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON Viðbót
– allt að 7,95% vextir*
- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON Veltubót
– allt að 14,59% ársávöxtun*
- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

ARGUS / 08-0055

Þú getur stofnað reikning á SPRON.IS

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. febrúar 2008.*

spron

www.toyota.is

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40940 02/08

RAV4 SPORT – með aukahlutapakka að verðmæti 235.000 kr.

Fullbúinn RAV4 tryggir þér fleiri möguleika og færri hindranir á veginum.
Nú bjóðum við RAV4 SPORT með veglegum aukahlutapakka, heilsársdekkjum, dráttarbeisli, krómgrilli, aurhlífum og skyggðum rúðum, að verðmæti 235.000 kr.

Verð frá 3.120.000 kr.*

Fáðu meira, komdu og reynsluaktu RAV4 SPORT

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Bíll á mynd er RAV4 GX og kostar 3.400.000 kr.

Virkjum kraft kvenna í iðnaði

Samtök iðnaðarins bjóða til morgunverðarfundar um stöðu kvenna í iðnaði í Gyllta salnum á Hótel Borg, þriðjudaginn 12. febrúar kl. 8.00–10.30.

Dagskrá

8.00 Morgunverður í boði SI

8.30 Aðalheiður Héðinsdóttir, stjórnarmaður í SI
Tengsl eru tækifæri
Yrsa Sigurðardóttir, tæknistjóri VIJV
Að starfa sem kona á virkjanasvæði
Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur
Hugsa út fyrir rammann og reka sig á veggi:
Konur í upplýsingatækniiðnaði
Auður Hallgrímsdóttir, fjármálastjóri Járnsmiðju Óðins
Konur eiga framtíð í iðnaði

Helga Braga Jónsdóttir, leikkona

9.45 Pallborðsumræður
Birna Pála Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Alcan,
Karen Kristjana Ernstsdóttir, verkfræðingur hjá Ístaki, og
Aðalheiður Héðinsdóttir, SI.

10.30 Fundarlok

Fundarstjóri og spyrill er Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaráls

Skráning á mottaka@si.is

SI
Samtök iðnaðarins

www.si.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÁ VERÐLAUNAAFHENDINGUNNI Starfsmönnum Össurar hf. hefur fjölgað úr 120 í 1.600 frá árinu 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Össur hf. hlýtur Þekkingarverðlaun:

Vöxtur með nýsköpun og þróun

VIÐSKIPTI Þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga voru afhent á íslenska þekkingardaginn sem haldinn var á fimmtudaginn. Að þessu sinni hlaut Össur hf. verðlaunin en þema þeirra þetta árið er drifkraftar árangurs.

Í niðurstöðum dómnefndar segir að Össur hf. hafi lagt áherslu á að vaxa í gegnum nýsköpun og þróun. Þá sé fyrirtækið leiðandi í heiminum í hönnun stoðtækja og annar stærsti stoðtækjaframleiðandi í heimi. Segir dómnefndin meginundirstöðu velgengni fyrirtækisins byggja á kjarnagildum sem séu heiðarleiki, hugrekki og hagsýni.

Össur hf. hagnaðist um rúmar 490 milljónir á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 74 prósent milli ára. Auk Össurar hf. voru Norðurál og Kaffitár tilnefnd til verðlaunanna.

Þá var Karl Wernersson valinn viðskiptafræðingur ársins 2007. Segir dómnefndin Karl hafa náð frábærum árangri í rekstri fyrirtækja sinna en efnahagur þeirra telur um 380 milljarða króna. Þá segir í niðurstöðum dómnefndar að uppbygging á viðskiptaveldi hans hafi verið með ólíkindum og árangur í rekstri og fjárfestingum hafi verið eftirtektarverður á alla mælikvarða.

- ovd

FÆR Í FLESTAN SNJÓ

170 hestafla dísilvél, sjálfskiptur með 3.500 kg. dráttargetu



KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

Ói - 11168

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

KIA Sorento

Fullbúinn alvöru jeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- Hátt og lágt drif
- ESP-stöðugleikastýring
- Ný og glæsileg innrétting
- Þakbogar
- 3.500 kg. dráttargeta
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Hraðastillir (Cruise Control)

Verð frá 3.750.000 kr.

Umboðsmenn KIA um land allt:

- Akranes - Bílás Bílasala Akranes
- Akureyri - Höldur hf.
- Ísafjörður - H.V. Umboðsverslun ehf.
- Reykjanesbær - K. Steinarsson
- Reyðarfjörður - HEKLA Austurland
- Selfoss - Bílasala Selfoss

EURO2008 Austria-Switzerland
KIA MOTORS Official Partner

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

Mótmæli í Svíþjóð:

Stöðvuðu umferð um stund

SVÍÞJÓÐ Umhverfisverndarsinnar stöðvuðu umferð á einni fjölförnustu götu sænsku borgarinnar Umeå með mótmælum í fyrradag. Mótmælendurnir vildu með aðgerðum sínum vekja athygli á aukinni bílaumferð í borginni og afleiðingum hennar fyrir umhverfið. Að auki vildu þeir hvetja borgaryfirvöld til þess að efla almenningssamgöngur.

Mótmælin fóru friðsamlega fram og ekki kom til átaka. Lögreglan fylgdist þó grannt með framgangi mála og var reiðubúin til að grípa inn í ef þyrfti. **- vþ**

ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR Hinn nýi aðstoðarmaður borgarstjóra sagði sig úr Framsóknarflokknum árið 2003.

Hægri hönd borgarstjóra:

Ólöf Guðný aðstoðar Ólaf

STJÓRNMÁL Ólöf Guðný Valdimarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. Hún var formaður Náttúruverndarráðs og Landverndar auk þess að vera stjórnarmaður í Umhverfisverndarsamtökum Íslands. Hún er arkitekt að mennt og með próf í hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands.

Ólöf Guðný hefur setið á Alþingi sem varaþingmaður Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi en sagði sig úr flokknum vorið 2003. Hún á tvær dætur. - sþs

Gistinætur í desember:

Fleiri gista hótel á Norðurlandi

FERÐAMÁL Gistinóttum á hótelum fjölgaði um fjórðung á Norðurlandi í desember, miðað við sama tíma árið 2006. Á Suðurlandi fjölgaði þeim um tæp tuttugu prósent; úr 2.700 í 3.200.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu fækkaði gistinóttum á Austurlandi talsvert í desember miðað við desember árið áður, eða úr 1.300 í 600.

Sé þjóðerni hótelgesta skoðað sést að gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 21 prósent á þessum tíma, en gistinóttum útlendinga fækkaði um átta prósent. **- sþs**

Tomma fyrir hvert ár!

TILBOÐ 99.990 kr.

13" MacBook á fermingartilboði

MacBook hvít
2,0 GHz
Intel Core 2 Duo
80 GB HD / 1 GB vinnsluminni
13,3" hágljáa skjár
1280 x 800 díla upplausn
Combo Drive geisladrif
iSight myndavél
Fjarstýring
Íslenskt hnappaborð
2 ára neytendaábyrgð

99.990 kr. Áður 119.990 kr.

Þunn, þægileg og örugg. MacBook er ein af þeim öflugustu. Með 2,0 GHz Intel Core 2 Duo örgjörva og 1 GB vinnsluminni vinnur hún jafn ljúflega með Mac OS X og Windows.
Með skínandi björtum 13,3" hágljáa breiðtjaldsskjá er hún fullkomin fyrir þá sem vilja almennilegan kraft í fallegri, einnar tommu þykkri fullorðinni tölvu.

Bose SoundDock Portable 44.990 kr.

iSkin Duo nano 3G 2.490 kr.

Wacom Bamboo frá 9.990 kr.

Audio KeyStudio USB hljómborð 12.990 kr.

Incase Neoprene Sleeve frá 3.990 kr.

Apple iPod USB 3.490 kr.

Griffin iTrip 4.990 kr.

USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.

Þráðlaus mús 6.990 kr.
Þráðlaust lyklaborð 7.990 kr.

Griffin Road Trip 6.990 kr.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík

Apple IMC

Fermingartilboðið gildir til 31. mars 2008

capacent

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Námið hefst 21. febrúar og skiptist í eftirfarandi hluta:
- Stjórnandinn og stjórnendahæfileikar.
- Streitu-, álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun; að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans; breytingastjórnun.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

FJÁRMÁL STJÓRNANDANS

Námið hefst 12. febrúar og skiptist í eftirfarandi hluta:
- Rekstrar- og fjármálaumhverfi fyrirtækja.
- Greining – Lykilþættir í rekstri.
- Rekstrarstjórnun.
- Fjárfesting, fjármögnun og fjármál fyrirtækja.
- Markmiðssetning og árangursmat við fjármálastjórnun.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.
www.capacent.is

Svona erum við

> Velta í bíla- og smásöluverslun, samkvæmt virðisauka-skattskýrslum, í janúar og febrúar hvers árs.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: JOHN MCCAIN, LÍKLEGASTI FRAMBJÓÐANDI REPÚBLIKANA TIL FORSETA BANDARÍKJANNA

Kominn í forsetaslaginn á áttræðisaldri

John McCain virðist nú nokkuð öruggur um að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum þegar kosið verður í haust. Helsti mótframbjóðandi hans, Mitt Romney, hefur hætt við framboð sitt og nánast engar líkur þykja á því að Mike Huckabee geti skákað honum.

Á hann möguleika?

Fáir efast nú um að McCain verði forsetaefni Repúblikanaflokksins. Meiri óvissa er um það hvort hann eigi möguleika á að sigra í kosningunum í nóvember, þegar hann þarf að etja kappi við Hillary Clinton eða Barack Obama, eða jafnvel við þau bæði ef annað verður varaforsetaefni hins. Þar skiptir máli hvort honum tekst að afla sér stuðnings hægri kjarnans í Repúblikanaflokknum, sem hingað til hefur haft lítið álit á málflutningi hans. Einnig gæti hann grætt á því ef Obama og Clinton taka upp á því að slást heiftarlega í fjölmiðlum næstu mánuðina.

Hvað hefur hann gert?

McCain orðinn 71 árs gamall og hefur mikla reynslu á þinginu í Washington. Hann hefur verið öldungadeildarþingmaður fyrir Arizona síðan 1987, eða í meira en tvo áratugi, en hafði áður verið fulltrúadeildarþingmaður fyrir sama ríki árin 1983-87. Hann sóttist eftir því að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins árið 2000, en mátti sín einskis gegn George W. Bush. Á yngri árum var McCain flugmaður í hernum.

Hann var stríðsfangi í Víetnam í nærri sex ár, 1967-73, eftir að flugvél hans var skotin niður og mátti þá þola heiftarlegar pyntingar.

Hvað vill hann?

Hann hefur frá upphafi stutt stríðsrekstur Bandaríkjanna í Írak, en hefur gagnrýnt meðferð á föngum Bandaríkjahers. Hann er andvígur því að í stjórnarskrá Bandaríkjanna verði ákvæði sem bannar samkynhneigðum að ganga í hjónaband, en vill á hinn bóginn skilgreina hjónaband sem samband karls og konu. Hann er á móti fóstureyðingum, nema í undantekningartilvikum.

SPURT & SVARAÐ
VIRÐISAUKASKATTUR Á BÓKUM

Bækur framtíðarinnar

Virðisaukaskattur á bókum er breytilegur eftir því hvort um er að ræða hefðbundna bók eða hljóðbók.

HELGI HJÖRVAR ÞINGMAÐUR

Þá er skatturinn mismunandi á landakortum eftir því hvort þau eru gormuð, innbundin eða í hefðbundnu broti. Helgi Hjörvar alþingismaður vill að skatturinn sé samræmdur við sjö prósentin.

Hvers vegna er mismunandi skattur?

Það er mismunandi skattur á þessu núna aðallega vegna þess að menn hafa ekki tekið inn nýja tækni í bókaútgáfu, bæði á vefbókum og síðan á rafrænum bókum sem munu koma inn miklu sterkar á næstu árum.

Mun ríkið ekki tapa á þessari skattalækkun?

Tekjutap ríkissjóðs á að vera óverulegt miðað við núverandi ástand enda hefur þessi tækni ennþá rutt sér takmarkað til rúms. En ríkissjóður verður af skatttekjum í framtíðinni. Þetta breytir því ekki að það er eðlilegt að skattleggja bækur framtíðarinnar eins og við skattleggjum bækur dagsins í dag.

Reynslulausn verður markvissari

Barnaníðingurinn Ágúst Magnússon fékk reynslulausn frá Litla-Hrauni fyrir skömmu. Ágúst átti eftir að afplána eitt ár af fimm ára dómi sem hann hlaut árið 2004 fyrir að níðast gróflega á sex drengjum og fyrir vörslu á einu mesta magni barnakláms sem fundist hefur hérlendis. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að í auknum mæli eigi að beita sérskilyrðum við reynslulausn fanga.

Ekki er vitað hvar Ágúst mun búa að lokinni afplánun en ákveðið hefur verið að kynferðisafbrotamenn, sem brotið hafa af sér gegn börnum, verði ekki framar vistaðir á fangaheimilinu Vernd. Páll segir þá skilmála sem settir hafa verið fyrir reynslulausn kynferðisbrotamanna, meðal annarra, gera fangelsismálayfirvöldum kleift að hafa viðamikið eftirlit með þeim í allt að fimm ár eftir veitingu reynslulausnar. Afpláni brotamenn hins vegar alla refsingu hafi fangelsisyfirvöld ekki heimildir til slíks eftirlits og brotamaður því laus allra mála. Rök með veitingu reynslulausnar eru því í mörgum tilvikum sterk.

Páll segist þó ekki geta tjáð sig um málefni einstakra fanga og þar með ekki um hvaða skilmálar hafi verið settir fyrir reynslulausn Ágústs.

Fórnarlömbin voru fleiri

Í byrjun síðasta árs skapaðist mikil umræða um mál Ágústs. Hann var þá að afplána dóm sinn á áfangaheimilinu Vernd en þar hafði hann tölvur og nettengingu. Í gegnum netið reyndi hann að hitta þrettán ára stúlku í kynferðislegum tilgangi.

Stúlkan var tálbeita fréttaskýringaþáttarins Kompáss og í viðtali við þáttastjórnenda viðurkenndi Ágúst að hafa misnotað fleiri börn en þau sex sem hann hafði verið dæmdur fyrir, eða eins og hann sagði sjálfur: „Fórnarlömb hljóta náttúrlega alltaf að vera kannski fleiri hjá einstaklingum, það kemur ekki allt upp.“ Spurður hve mörg þau væru svaraði hann: „Það er kannski enginn rosa fjöldi en það er samt alveg hvað, kannski í kringum fimm, sex, sjö, átta einstaklingar í viðbót sem þarna voru við þetta sem höfðu verið, sem var kært í sko.“

Reynslulausn tryggir lengra eftirlit

Þeir sem eru kunnugir Ágústi telja að af honum stafi enn hætta. Páll segist ekki tjá sig um það en ítrekar að þau skilyrði sem Ágúst hafi fengið fyrir reynslulausninni séu til mun lengri tíma en eftirstöðvar refsingar og því sé hægt að fylgjast með honum lengur en ef hann hefði afplánað allan dóminn.

Páll vísar til laga um fullnustu refsinga, spurður um þau úrræði sem hægt er að nota í tilfelli Ágústs, en skilyrði sem hægt er að setja fyrir reynslulausn eru til dæmis:

1. Að aðili sé háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún tilnefnir.
2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar.

Tveggja ára eftirlit

Fangelsismálastofnun getur fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu ef aðstæður breytast. Þá er einnig heimilt að krefjast þess að fólk á reynslulausn gangist undir öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn en heimildir Fréttablaðsins herma að meðal þeirra skilyrða sem Ágústi sé gert að hlíta er að honum verður óheimilt að neyta áfengis í þau tvö ár sem skilyrði reynslulausnarinnar ná til, hann þurfi að tilkynna sig reglulega til eftirlitsaðila og megi ekki fara á svæði þar sem börn stunda tómstundir, en þess ber að geta að Ágúst starfaði á árum áður í kristilegu ungmennasamtökunum KFUM.

„Við munum beita sérskilyrðum fyrir reynslulausn í auknum mæli og með markvissum hætti,“ segir Páll.

PÁLL WINKEL Getur ekki tjáð sig um skilmála reynslulausnar einstakra fanga, en meðal skilyrða sem hægt er að setja er að aðili sé háður umsjón og eftirliti.

FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is

TÆLDI TIL SÍN BÖRN Á YFIRVEGAÐAN HÁTT

Mál Ágústs Magnússonar er eitt umfangsmesta barnaklámsmál sem komið hefur upp hérlendis. Ágúst beitti unga drengi brögðum með það eitt að markmiði að stunda með þeim kynferðislegar athafnir, hafa við þá kynmök og taka af þeim klámfengnar kvikmyndir. Hann notaði Netið til að ná til drengjanna og vílaði ekki fyrir sér að ljúga bæði um nafn og aldur. Hann var fundinn sekur um að hafa á yfirvegaðan hátt og með blekkingum tælt og misnotað drengina kynferðislega. Fórnarlömbin áttu það sameiginlegt að standa illa félagslega áður en til kynna þeirra við Ágúst kom. Misnotkunin olli drengjunum sálrænu tjóni sem hafði alvarlegar afleiðingar fyrir þroska þeirra og sjálfsmynd.

Möguleikar barnaníðinga á betrun

„Það gengur yfirleitt betur að vinna með mönnum sem hafa brotið af sér gagnvart barni eða börnum innan fjölskyldunnar,“ segir Björn Harðarson sálfræðingur, sem meðal annars hefur unnið með mönnum með barnagirnd, um möguleika svokallaðra barnaníðinga á betrun.

„Auðvitað er glæpurinn jafn alvarlegur en þeir sem ítrekað hafa brotið af sér gagnvart ókunnum börnum eru mun erfiðari viðfangs en þeir fyrrnefndu. Sumir sérfræðingar flokka þá sem eins konar rándýr og ganga margir svo langt að halda því fram að þeir séu ólæknandi,“ bætir hann við.

BJÖRN HARÐARSON

Björn segir afar mikilvægt að slíkir menn séu í stöðugri meðferðarvinnu og gæti þess vel að umgangast ekki börn.

Hann bendir á að ekki sé algengt að menn sem dæmdir hafi verið fyrir kynferðisbrot gegn börnum hljóti aftur fangelsisdóm fyrir slík brot. Það þurfi þó ekki að segja alla söguna.

Verið geti að þeir sýni meiri aðgát eftir fangelsisdóm auk þess sem sönnunarbyrðin í málum sem þessum sé afar erfið.

„Þó að menn geti ekki brotið af sér gegn börnum á meðan þeir eru lokaðir í fangelsi þá ljúka þeir einhvern tímann afplánun. Ég tel að það sé mun betra að veita þessum mönnum reynslulausn með ströngum skilmálum og hafa eftirlit og vinnu með þeim við raunverulegar aðstæður heldur en að láta þá sitja allan tímann inni og hleypa þeim svo út að því loknu án nokkurs eftirlits.“

TASKI
Gólfþvottavélar
á rekstrarleigu
Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.
Bjarnþór Þorláksson, bilstjóri hjá RV
TASKI swingo XP
TASKI swingo 3500 B
TASKI swingo 1250 B
TASKI swingo 750 B
TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér
TASKI Swingo 1250 B
Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV UNIQUE 020801

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008
Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Staðfestu þekkingu þína með því að taka ECDL (TÖK) prófin sem eru innifalin í náminu.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

169.900

Lengd: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~189.900~~

Kvöldnám 19:30-22:30 þr./fim. hefst 21. feb
Morgunnám 9:00-12:00 hefst 26. febrúar

Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900 staðgr.

Kvöldnám hefst 27. febrúar (19:30-22:30) og morgunnám 26. mars (9-12 má/mi/fö).

Office 2007

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Office pakkanum sem auðvelda notkun hans. Við bjóðum stutt og hnitmiðað námskeið um helstu breytingarnar í Excel, Outlook, Word og PowerPoint.

7.490

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð**: ~~8.900~~

Bjóðum sérnámskeið fyrir hópa og fyrirtæki!

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900 - Kvöldnám hefst 19. febrúar

Photoshop Elements

Komdu á kvöldnámskeið og lærðu að vinna ljósmyndirnar þínar eins og fagmennirnir gera. Photoshop Elements hefur alla helstu eiginleika Photoshop og er auðlært og öflugt.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900. Kvöldnám hefst 11. mars

Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

Lengd: 18 stundir/12 klst.
Verð: 24.900. Hefst 11. febrúar (13-16) og 13. mars (16:15-19:15 þri./fim.).

Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst.
Verð: 29.900. Næst 21. febrúar (16:15-19:15)

DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

Lengd: 27 stundir/18 klst.
Verð: 29.900. Næst 25. febrúar (13-16)

Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki enn þá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stnd./48 klst. **Verð**: 59.900

Kennt mán-fim.13-16 og hefst 18. feb.

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Byrjendanámskeið
Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

Stafræn ljósmyndun
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

Access
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

Excel
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

FileMaker
FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

PowerPoint
PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

Outlook
Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

Publisher
Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

Vefsíðugerð og Flash
DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

Photoshop og Visio
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Að þegja málin í hel:

„Vil ekki tjá mig“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Þöggun er virkt og máttugt valdatæki í samskiptum fólks. Að þegja málin í hel er alkunn aðferð í mannlegu samfélagi. Oftast er þessari aðferð beitt til að koma aðilum undan ábyrgð og ákvörðun. Þöggunin er flótti þess sem þegir og í skjóli valdastöðu kemst málsaðilinn oft upp með þóttafulla afstöðu sína – því í þögninni felst alltaf afstaða, hún er bara svo óþægileg að það er betra að láta hana ekki uppi. En vandamálin gufa sjaldan upp þótt sá sem í vandanum er staddur kjósi að láta þögnina eina uppi.

Í hartnær þrjá sólarhringa hafa valdamenn Sjálfstæðisflokksins kosið að þegja um þann vanda sem kominn er upp í þeirra röðum hér í Reykjavík. Oddviti þeirra er rúinn trausti kjósenda í Reykjavík, hann hefur á opinberum vettvangi misstigið sig sinn eftir sinn, játað á sig afglöp í starfi fyrir umbjóðendur sína, sýnt dæmalausan dómgreindarskort í verkum sínum, eins og félagar hans í borgarstjórn Reykjavíkur úr öllum flokkum hafa sýnt fram á í opinberri úttekt á framgangi hins svokallaða REI-máls. Síðustu mistök hans í viðtali við Kastljós voru punktur yfir i, lokahnykkur á opinberum ferli. Mætti halda.

En Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík ætlar ekki að taka á því máli, hvorki í orði né verki. Ráðherrar, þingmenn og kjörnir fulltrúar í borgarstjórn „tjá sig ekki um málið“ ef þá næst í þá. Þeir fáu sem hafa sýnt Reykvíkingum, kjósendum og landsmönnum öllum þá kurteisi að tala við fjölmiðla, svara í raun engu, hvorki um eigin afstöðu, né efnisatriði málsins eins og það stendur nú.

Enda vandinn ekki leystur: fari svo sem nú horfir að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson telji sér og umbjóðendum sínum hollast að hann sitji áfram sem kjörinn fulltrúi í öllum ábyrgðarstöðum á vegum sjálfstæðismanna í Reykjavík er sá vandi sem hann hefur skapað með dómgreindarskorti sínum viðvarandi og mun spilla öllum störfum kjörinna fulltrúa í Reykjavík. Það lýsir miklum valdhroka borgarfulltrúans og afar slökum siðlegum kröfum í starfi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem sorglegt er að horfa upp á. Er fram í sækir mun það spilla starfi í borgarstjórn og skaða hagsmuni Reykvíkinga þegar til lengri tíma er litið.

Það er ein hlið málsins. Þöggunin er önnur. Kjósendur eiga alltaf fullan rétt á að kjörnir fulltrúar þeirra veiti hreinskilnisleg svör um stöðu mála innan sveitarstjórna. Kjósendur eiga fullan rétt á að álitamál og deilumál séu kynnt og reifuð, þótt enn sé ekki komin fram samstaða um niðurstöður. Og skiptir þá minnstu hvort málin eru stór eða smá. Kjörnir fulltrúar hafa enga þá helgi sem réttlætir það framferði sem sjálfstæðismenn hafa sýnt liðna sólarhringa. Þeim ber að sýna kjósendum sínum og öðrum borgarbúum þá virðingu, þeir eiga að virða okkur svars. Engar aðstæður réttlæta þögn síðustu sólarhringa, jafnvel þótt sjálfstæðismenn viti ekkert hvað þeir vilja, viti ekkert hvað þeir geta með sinn handónýta oddvita.

Ekki nema fulltrúar sjálfstæðismanna vilji hætta hinu forna höfuðbóli, Reykjavík, og veðji framtíð flokksins hér um slóðir á þennan eina mann og telji hann nú traustsins verðan. Ef það er afstaða þeirra ætti það heldur ekki að vera feimnismál og liggja í þagnargildi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Umsagnir frá eigendum iRobot Roomba ryksuguvélmennisins:

- Ég hef **ALDREI** eignast eins gott heimilistæki bara **SNILLD**
- Ég hefði ekki trúað því hvað hún gerir þetta **VEL,** mæli með þessari
- Hver vill ekki láta **RYKSUGA** hjá sér daglega
- Ég bara hreinlega **ELSKA** hana og það muna allir gera það sem fá sér hana

...ég hreinlega Elska hana

Varist eftirlíkingar

Irobot ehf.

Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • Irobot.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þögn dómsmálaráðherra

Í pistli á vef sínum segist Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafa samsinnt orðum Egils Helgasonar um stjórnmálaskoðanir Sigurðar Líndal og Péturs Kr. Hafstein í Silfri Egils á dögunum. Einhver bloggarinn greip fullyrðinguna á lofti og sagði Björn ljúga. Hann hefði engu samsinnt, heldur þagað þunnu hljóði. „Sá, sem telur mig segja ósatt með þessum orðum, hefur greinilega aldrei heyrt, að þögn sé sama og samþykki,“ skrifar Björn. Þá vitum við framvegis hvað það þýðir þegar hæstvirtur dómsmálaráðherra þegir.

Þögn borgarfulltrúa

Og sé þetta lenskan í Flokknum, þá er þar komin skýringin á æpandi þögn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins síðustu daga, þótt greina hafi mátt illskiljanleg og mótsagnakennd píp úr einhverjum hornum. Vilhjálmur man kannski ekki við hvaða lögfræðinga hann talar, en er engu minna traustur fyrir það, hvíslar þögla samþykkið. Borgarfulltrúarnir standa auðvitað allir þéttingsfast við bakið á Vilhjálmi. Þeir telja sig bara ekki þurfa að segja það upphátt. Eða hvað?

Þögn lögmanns

Þögnin var þema helgarinnar. Ekki er nóg með að Vilhjálmur vilji þegja, heldur vill hann að núverandi borgarlögmaður tali sem allra minnst. Og það ætlar hún að gera, þrátt fyrir að henni beri ekki til þess nein skylda. Hvað gengur mönnum til með þögninni? Er verið að reyna að svæfa Reykvíkinga? Getur það verið?

stigur@frettabladid.is

Fram og aftur blindgötuna

Þegar þetta er skrifað á sunnudagsmorgni liggur afsögn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í loftinu. Eftir hundrað daga hlé er nú allt sem áður og ljóst að sjálfstæðismenn áttu eftir að ljúka REI-málinu. Viðtölin eru pínlega lík: nei, ég minnist þess ekki... nei nei, það voru ekki þessir samningar sem ég hafði ekki séð heldur hinir... nei ég átti ekki við þennan borgarlögmann heldur hinn...

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Staða Vilhjálms Þ.

Ýmislegt varð til þess að Vilhjálmur komst ekki upp með þennan stjórnunarstíl. Í fyrsta lagi er hann ekki Davíð, hefur ekki til að bera myndugleik hans, klókskap og innsýn í mannlegt eðli.

Af aðdáunarverðri þrautseigju hefur vesalings Vilhjálmur haldið áfram að hrekjast fram og aftur í blindgötu eigin málflutnings.

Og í öðru lagi komst Davíð sjálfur ekki upp með að vera Davíð undir það síðasta. Hið frámunalega ráðríki gekk ekki lengur, og má jafnvel segja að það hafi orðið honum að falli hvernig hann gerði Íslendinga að (einhvers konar) þátttakendum í Íraksstríðinu og þar með að aðhlátursefni um víða veröld, og ekki síður tilraunir hans til að hlutast til um eignarhald á fjölmiðlum. Nú eru aðrir tímar: ungt og vel menntað fólk í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna lætur ekki bjóða sér þá stjórnarhætti sem tíðkuðust á einveldisskeiði Davíðs.

Í þriðja lagi virðist Vilhjálmur ekki hafa áttað sig fyllilega á mótsagnakenndri afstöðu sjálfstæðismanna til útrásargosanna. Enda ekki von. Þetta er frekar ruglingslegt: þeir sjálfstæðismenn sem vilja að verðmæti í almenningseigu komist í hendur einkaaðila – vilja t.d. einkavæða Orkuveituna – þeir eru eiginlega samt á móti því. Þeir aðhyllast kapítalisma en eru á móti kapítalistum. Þeir vilja ráða því hverjir fá að njóta gæðanna: sennilega myndu þeir helst vilja selja Herði Sigurgeirssyni og Kristjáni Ragnarssyni Orkuveituna – en yngri mönnum treysta þeir síður. Að minnsta kosti ekki Hannesi Smárasyni og alls alls alls alls ekki Jóni Ásgeiri.

Í fjórða lagi nýtur Vilhjálmur ekki tiltrúar almennings lengur. Í viðtölum þarf hann sífellt að kljást við vantrúarsvipinn á fréttamönnum, og klækir hans við að lokka Ólaf F. Magnússon yfir til sjálfstæðismanna vöktu almenna hneykslan. Rétt eins og félagi hans Ólafur F. Magnússon má búa við næstum ógreinanlegan og hárfínan háðstón í frásögnum fréttamanna af málflutningi hans og framgöngu þarf Vilhjálmur að sæta því hér eftir að þurfa í sífellu að byrja á því að sanna að hann sé ekki að skrökva – hvað svo sem hann er að tala um.

Fokinn af reynslu

Af aðdáunarverðri þrautseigju hefur vesalings Vilhjálmur haldið áfram að hrekjast fram og aftur í blindgötu eigin málflutnings.

Ekki er hægt að segja að hér hafi reynsluleysi háð honum: kannski frekar að reynslan hafi orðið honum að falli; hann sé fokinn af reynslu. Vilhjálmur er einn reyndasti sveitarstjórnarmaður á landinu – ef ekki sá reyndasti. Hann er öllum hnútum kunnugur og hefur starfað áratugum saman að sveitarstjórnarmálum, og meðal annars stýrt Sambandi íslenskra sveitarfélaga með þeim hætti að almenn sátt var um. En þrátt fyrir ýmsar vegtyllur og stöðu nærri þeim sem með völdin hafa farið hefur hann í raun og veru staðið álengdar við valdið öll þessi ár, og fylgst með. Og þegar loksins kom að honum að stjórna notaði hann vitaskuld þær aðferðir sem tíðkast höfðu við stjórn borgarinnar eins og embætti borgarstjóra hafði mótast í meðförum sjálfstæðismanna. Hann stóð í þeirri meiningu að nú væri komið að sér að stjórna eins og Davíð gerði – með nokkra trúa og auðsveipa ráðgjafa í kringum sig og taka ákvarðanir snöggt og endanlega og ráðgast við eins fáa um þær og nokkur kostur væri. Deila svo og drottna jafnt meðal andstæðinga og samherja.

Eða hvenær hefði hvarflað að nokkrum manni að svo mikið sem spyrja Davíð að því hvort hann hefði umboð til ákvarðana og samninga?

Réttu samferðamennirnir?

Og loks verður ekki annað sagt en að REI-málið sé klúður, að svo miklu leyti sem hægt er að skilja það. Það verður til í ákveðnu andrúmslofti gagnkvæmrar sefjunar stjórnmálamanna og auðmanna um að ofsagróði sé í vændum fyrir alla; borgarbúa, starfsmenn Orkuveitunnar, hirðmenn stjórnmálamannanna og auðmennina. Hugmyndin var sú að íslenskir jarðvísindamenn hafi vald á einhverjum launhelgum sem engir aðrir beri skynbragð á og geti leitt heiminn í því að virkja jarðorku. Enginn efast um hæfni þessara vísindamanna en aðferðin við að virkja þessa hæfni orkar hins vegar tvímælis og ekki síður hitt að hafa að leiðarljósi hugmyndina um hinn auðfengna gróða sem Íslendingar hafa stundum farið flatt á.

Eða voru mennirnir sem seldu þjóðinni bréfin í Decode á sínum tíma réttu samferðamennirnir í þessari vegferð?

Pólitískt ippon

UMRÆÐAN

REI-málið

HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON

REI-málið hófst þannig að fulltrúar allra flokka nema VG í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur greiddu atkvæði með því að ákveðnir aðilar tengdir viðskiptalífinu gætu skammtað sér milljarðasamninga vegna þeirra auðlinda sem þjóðin átti sjálf. Í miðri útrásarstemmningunni héldu menn að allt væri leyfilegt. Stjórnmálamenn væru einungis peð enda ættu þeir þessum fjármálamógúlum allt að þakka.

Eitt sinn þótti það gamaldags viðhorf að verja fyrirtæki í eigu sveitarfélags eða ríkis. Frjálshyggjan leyfði það ekki. Þau viðhorf eru ekki lengur til staðar.

Í nýrri skýrslu um málefni OR og REI kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur verður í 100 prósenta eigu sveitarfélagsins. Slíkt var ekki einu sinni til umræðu fyrir 150 dögum síðan, þegar allir flokkar nema VG ætluðu að skammta vildarvinum sínum orkuauðlindir landsins.

Eitt sinn þótti það gamaldags viðhorf að verja fyrirtæki í eigu sveitarfélags eða ríkis. Frjálshyggjan leyfði það ekki. Þau viðhorf eru ekki lengur til staðar, enda blöskraði ekki aðeins Reykvíkingum kaupsamningarnir heldur allri þjóðinni. Einn kjörinn fulltrúi, Svandís Svavarsdóttir, stóð fast við þau prinsipp að frjálshyggjan fengi ekki að ráða yfir orkuauðlindum Íslendinga. Þannig tókst Svandísi að gera pólitískt ippon.

Höfundur er heimspekingur.

OFURHETJUR KYNNA EINSTAKAN MENNINGARVIÐBURÐ



Hringbrot / Ljósmynd © Apple Corps Ltd.

MEISTARAVERK BÍTLANNA

Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band

Ein merkasta hljómplata allra tíma flutt í heild sinni ásamt vinsælustu lögum Bítlanna á glæsilegum sinfóníutónleikum í Laugardalshöll laugardaginn 22. mars 2008

Daníel Ágúst Haraldsson | Stefán Hilmarsson
Sigurjón Brink | Björgvin Halldórsson
Eyjólfur Kristjánsson | KK

Rokksveit Jóns Ólafssonar
ásamt 40 hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

píanó Jón Ólafsson | gítar Guðmundur Pétursson | gítar Stefán Már Magnússon | orgel Pétur Örn Guðmundsson | hljómborð Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
sítar Júlíus Guðmundsson | tabla-trommur Steingrímur Guðmundsson | bassi Róbert Þórhallsson | ásláttur Ólafur Hólm | trommur Jóhann Hjörleifsson

útsetningar Haraldur Vignir Sveinbjörnsson | konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir | hljómsveitarstjórn Bernharður Wilkinson | kynnir Þorgeir Ástvaldsson
hljóð Ívar Ragnarsson | lýsing Agnar Hermannsson | myndvinnsla Helgi Jóhannesson | sviðssetning Sigurður Kaiser | tónlistarstjórn Jón Ólafsson

Miðasala hefst á morgun kl. 10
á midi.is og á afgreiðslustöðum midi.is

Carlsberg · Kaupþing · MasterCard · RÁS · Laugardalshöllin · Exton · Ofurhetjur · midi.is

SYLVIA PLATH RITHÖFUNDUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1963 AÐEINS ÞRÍTUG AÐ ALDRI.

„Þegar okkur finnst okkur skorta allt erum við hættulega nálægt því að skorta ekki neitt.“

Sylvia var bandarískt ljóðskáld og rithöfundur. Eitt vinsælasta verk hennar er hin sjálfsævisögulega skáldsaga Glerhjálmurinn.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 11. FEBRÚAR 1990

Mandela laus eftir 27 ára fangavist

Nelson Rolihlahla Mandela var sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku þennan dag árið 1990 eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár.

Mandela er fæddur 18. júlí 1918 og er því á nítugasta aldursári. Hann var áberandi andstöðumaður kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku og í fyrstu einsetti hann sér að beita aldrei ofbeldi í baráttu sinni, en síðar kom hann að skipulagningu mótspyrnuaðgerða sem fólust meðal annars í skemmdarverkum. Þá var hann hnepptur í fangelsi og þar fékk hann að dúsa næstu 27 árin. Mestu af þeim tíma eyddi hann í litlum fangaklefa á Robbeneyju. Sú vist var eitt gleggsta dæmið um ósanngirni aðskilnaðarstefnunnar.

NELSON MANDELA FÉKK FRIÐARVERÐLAUN NÓBELS ÁRIÐ 1993.

Eftir að Mandela var sleppt fór hann fyrir Afríska þjóðarráðinu í samningaviðræðum um lýðræðislegar kosningar 27. apríl 1994. Að þeim loknum tók hann við forsetaembættinu af Frederik Willem de Klerk og var fyrsti lýðræðislega kjörni forseti landsins. Hann sat til 1999. Síðan hefur hann einbeitt sér að baráttunni gegn alnæmi.

MERKISATBURÐIR

1752 Fyrsta sjúkrahús í Bandaríkjunum, Pennsylvania Hospital, er opnað.

1814 Noregur lýsir formlega yfir sjálfstæði landsins.

1906 Hið íslenska bókbindarafélag er stofnað í Reykjavík.

1973 Tíu manns farast með Sjöstjörnunni KE 8, fimm Íslendingar og fimm Færeyingar.

1979 Fylgismenn Ayatollah Khomeini ná völdum í Íran.

1980 Metafli næst af loðnu á einum sólarhring, 23,180 lestir.

1993 Janet Reno verður dómsmálaráðherra Bandaríkjanna fyrst kvenna.

AFMÆLI

VALUR VALSSON fyrrverandi bankastjóri er 64 ára.

KÁRI JÓNASSON fyrrverandi ritstjóri er 68 ára.

BURT REYNOLDS leikari er 72 ára.

GEIR MAGNÚSSON fyrrverandi forstjóri er 66 ára.

JENNIFER ANISTON leikkona er 39 ára.

LESLIE NIELSEN leikari er 82 ára.

HEIÐURSLISTINN Sjötíu nemendur Háskólans í Reykjavík komust á Forsetalista skólans að þessu sinni.

Bestu nemendur HR heiðraðir

Bestu nemendur Háskólans í Reykjavík voru heiðraðir fyrir helgi við hátíðlega athöfn. Að þessu sinni hlutu sjötíu nemendur viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur á síðustu önn.

Þessi hópur kemst á hinn svokallaða Forsetalista skólans og fylgir þeim heiðri niðurfelling skólagjalda á yfirstandandi önn. Að þessu sinni voru 23 nemendur úr tækni- og verkfræðideild heiðraðir, 20 nemendur úr viðskiptadeild, 13 úr lagadeild, 11 úr tölvunarfræðideild og 3 nemendur úr kennslufræði- og lýðheilsudeild. Á Forsetalistanum í dag er 31 kona og 39 karlar.

†

Eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Kjartan Guðmundsson

Rjúpnasölum 10 (Áður Löngubrekku 2),

lést á Landakotsspítala þann 2. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks A6 Landspítalanum í Fossvogi og K1 á Landakoti.

Fyrir hönd aðstandenda

Hjördís Erla Pétursdóttir

ÁSBJÖRN OG VALGERÐUR Á DRANGSNESI: STRANDAMENN ÁRSINS 2007

Annað hvort var að hætta alveg eða bæta nýju við

Lesendur Gagnvegar og vefsins strandir.is kusu hjónin Valgerði Magnúsdóttur og Ásbjörn Magnússon á Drangsnesi Strandamenn ársins 2007.

Þau fengu líka viðurkenninguna Framfarasporið 2007 sem veitt er af ferðamálasamtökunum Arnkötlu. Því fylgdi verðlaunagripur eftir listakonuna Ástu Þórisdóttur. Ástæða þessarar upphefðar er sú að þau hjón hafa hlúð vel að ferðaþjónustu á svæðinu. Þau opnuðu nýtt gistihús á síðasta ári sem heitir Malarhorn og einnig veitingahúsið Malarkaffi. „Þetta er nú bara sjálfsbjargarviðleitni,“ segir Ásbjörn hógvær þegar haft er samband við hann í gegnum síma. „Kvótinn var orðinn svo lítill að það var ekki hægt að lifa á honum. Annað hvort var að hætta alveg eða bæta nýju við. Sjálfsagt hefði komið betur út fyrir okkur sjálf að selja kvóta og skip og lifa á rentunum en það er lítið gaman að því. Betra að brölta eitthvað og taka þátt í atvinnuuppbyggingu í samfélaginu.“

STRANDAMENN ÁRSINS 2007 Ásbjörn Magnússon og Valgerður Magnúsdóttir hafa staðið sig vel í að hlúa að ferðaþjónustu á Drangsnesi. MYND/AUÐUR HÖSKULDSDÓTTIR.

Ásbjörn hefur boðið upp á sjóstangveiði og siglingar út í Grímsey á Steingrímsfirði undanfarin sumur en kveðst hafa orðið tilfinnanlega var við að grunnþjónustu við ferðamenn hafi skort á svæðinu eins og gistingu og veitingar, jafnvel bara það að komast á snyrtingu. „Ég fer í fjögurra tíma ferð út í eyjuna með leiðsögn. Stundum koma fullar rútur af fólki og kannski vill bara helmingur hópsins fara í siglingu. Þá hafði hinn hluti hópsins engan samastað á meðan. Nú hefur verið bætt úr því, bæði með kaffihúsinu og nýrri sundlaug sem var opnuð síðastliðið sumar.“ Grímsey liggur skammt frá landi og sigling þangað tekur bara tíu mínútur að sögn Ásbjörns en hvað er þar að sjá? „Þar er stærsta lundavarp í heimi á einni eyju og fuglalífið fjölbreytt, æðarfugl, teista, álka, skarfur, rita, mávar og mófuglar. Eyjan hefur eiginlega verið ónytjuð hingað til, jafn ótrúlega og það hljómar. Þetta er ósnortið land.“

Sjóstöngin nýtur vaxandi vinsælda að sögn Ásbjörns sem ætlar að koma upp góðri aðstöðu til að ganga frá afla gestanna. Heimamenn hyggjast líka koma upp grásleppu- og nytjasafni á allra næstu árum. Ásbjörn er með í því. Þar á að verða allt um grásleppuveiðar, hákarlaveiði, reka og æðarbúskap. „Grásleppuveiðar voru eiginlega fundnar upp hér á Drangsnesi og þær hafa verið stór þáttur í útveg okkar síðan,“ lýsir hann. Aðspurður segir hann saltfiskvinnslu á staðnum og töluvart s af trillum í höfninni, en er eitthvað að gera í ferðaþjónustu yfir veturinn? „Ekki ennþá en okkur langar að byggja upp þátttökutúrisma til að lengja ferðamannatímann. Bjóða fólki í róður og leyfa því að taka þátt í því sem verið er að fást við á staðnum,“ segir Ásbjörn, sem stundar útgerð á veturna, er á línu núna og fer svo á grásleppu. En hvernig eru aflabrögðin? „Þau eru ágæt en það er verra með gæftirnar. Það er búin að vera langvarandi óstillt tíð alveg frá því í haust, djúpar lægðir og mikil læti. Það er haugabrim hér núna.“

gun@frettabladid.is

AFHENDING Björn Sveinsson framkvæmdastjóri NTC hf. ásamt Ragnhildi Guðmundsdóttur og öðrum konum sem vinna ötult starf hjá Mæðrastyrksnefnd.

Styrkir Mæðrastyrksnefnd

Fyrirtækið NTC sem rekur meðal annars verslanirnar Gallerí Sautján í Kringlunni og Laugavegi og Retro í Smáralind veitti á dögunum Mæðrastyrksnefnd styrk til kaupa á fermingarfatnaði í verslunum sínum. Er þetta orðinn árlegur viðburður hjá fyrirtækinu.

Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC hf., afhenti Ragnhildi Guðmundsdóttur, formanni Mæðrastyrksnefndar, styrkinn sem nemur um 700 þúsund krónum í síðustu viku.

Samstarf við Snorrastofu

Bæjarráð Akraness hefur samþykkt tillögu menningarmála- og safnanefndar um að styrkja starfsemi Snorrastofu í Reykholti. Framlag Akraneskaupstaðar til Snorrastofu mun verða um 2,3 milljónir í heild sinni á tímabilinu 2008-2010.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir samstarfi á milli Snorrastofu og Byggðasafnsins að Görðum sem snýr að sameiginlegum málefnum beggja staðanna. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir að Snorrastofa standi fyrir viðburðum á Akranesi, í tengslum við Vökudaga, sem höfða sérstaklega til tengsla Akraness við Snorra Sturluson en móðir Snorra var frá Akranesi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Landnámssetrinu í Borgarfirði.

REYKHOLT Í BORGARFIRÐI Akraneskaupstaður ætlar að styrkja starfsemi Snorrastofu næstu tvö árin.

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Sigríður Kjartansdóttir og virðulegur heimilishundurinn Brúnó við dömuskápinn fagra, en kommóðan sem einnig sést á myndinni er sömuleiðis úr búi Sigfúsar Sveinssonar útgerðarmanns í Sigfúsarhúsi í Neskaupstað, frá því um aldamótin 1900.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dömuskápur með sál

Frú Sigríður Kjartansdóttir á vanalega ekki í ástarsambandi við húsgögn, en er hjartfólginn dömuskápur og kuðungur austan af fjörðum.

„Almennt bind ég ekki taugar né tilfinningar við veraldlega hluti, en ann því mjög sem fylgt hefur forfeðrum mínum og hefur tilfinningalegt gildi," segir Sigríður Kjartansdóttir, starfsmaður Ekorta ehf.

„Langafi minn, Sigfús Sveinsson kaupmaður og útgerðarmaður í Neskaupstað, flutti dömuskápinn inn frá Danmörku um aldamótin 1900, en skápurinn er hluti af svefnherbergishúsgögnum sem samanstóðu af fataskápum fyrir bæði kynin, hjónarúmi, náttborðum og vaskaborði með postulínsskál," segir Sigríður, sem minnist þess að hafa dáðst að fallegri antíkinni á bernskuárunum austur á fjörðum.

„Ég var sérstaklega heilluð af dömuskápnum og þegar mér hlotnaðist heimasætusvítan á unglingsárunum bauðst mér þessi dýrgripur. Hann var þá í upprunalegu horfi; handmálaður hvítbláum skýjum, slaufum og gyllingu, en orðinn lúinn og kominn vel til ára sinna. Ég stíflakkaði hann hvítan og þannig stóð hann til handargagns þar til fyrir rúmum áratug að ég gerði hann upp eins og hann lítur út í dag," segir Sigríður, sem eyddi þremur mánuðum í skápinn sem þá fékk nýtt hlutverk og varð hennar helsta stofustáss.

„Margir hafa dáðst að honum í gegnum tíðina en hann verður aldrei falur fyrir fé, frekar en litli kuðungurinn sem hrökk af kistli Stínu ráðskonu í Neskaupstað og hún gaf mér þegar ég var sjö ára. Hann hef ég geymt eins og sjáaldur augna minna og enn fær hann að skína í dömuskápnum, en svona djásn verða aldrei metin til fjár. Þessir munir eru samofnir tilveru minni og barnæsku, og eru komnir frá mínum uppáhaldsstað á jarðríki." *thordis@frettabladid.is*

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

Nýsmíði sf.

Sérhæfum okkur í uppsetningu gifsveggja, gifslofta og allri almennri gifsvinnu.
Einbýli, fjölbýli, skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.
Gerum tilboð að kostnaðarlausu. wwwnysmidi.is S:899-4666

Kertaljós gefur heimilinu hlýlegan blæ þegar allt er á kafi í snjó úti. Kveikjum á kertum og eigum notalega stund saman.

Sköpun til skemmtunar

Handverk er bæði atvinna Þórdísar Sigmarsdóttur og áhugamál. Hún kennir smíðar við Kársnesskóla og heima fæst hún við allt mögulegt.

Þórdís nýtur þess að kenna börnum smíðar og heima skortir ekki verkefnin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tágar, leður, tré, tau og símavírar. Allt verður að listmunum í höndum Þórdísar en vettlingasaumur úr þæfðri voð er viðfangsefni hennar þessa dagana. „Mér datt í hug að kaupa ullarteppi í IKEA, klippti það í tvennt og setti í þvottavélina á 30 gráðu hita og 1000 snúninga," lýsir Þórdís, sem nú er búin að sauma vettlinga á alla fjölskylduna. „Þeir eru alveg skotheldir," segir hún og bætir við: „Og það fást mörg pör úr einu teppi."

Þórdís hefur tekið þátt í sýningum Handverks og hönnunar. Hún kveðst alin upp við handverk. „Mamma var mikil handverkskona og pabbi gullsmiður. Svo höfum við systurnar fimm allar gaman af því að vinna í höndunum," lýsir hún. En hún kveðst ekki prjóna heldur ætla að geyma sér það þar til síðar.

gun@frettabladid.is

Það fer vel um heklunálar heimilisins.

Vettlingarnir úr IKEA-teppinu.

Símavírar í listrænni útsetningu.

Eirberg

Rodalon®
– alhliða hreingerning og sótthreinsun

- Fyrir baðherbergi og eldhús
- Eyðir lykt úr íþróttafatnaði
- Vinnur gegn fúkka í vefnaði
- Fjarlægir óæskilegan gróður úr gluggum, af steinum o.þ.h.
- Eyðir fúkka og vondri lykt af tjöldum, segldúkum o.þ.h.
- Má nota á öll efni

Fæst í apótekum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

BLOMUS
ETANÓL ARINN ÁN REYKS

Fyrir bústaðinn eða heimilið
YLUR
fyrir heimilið
Bæjarlind 2
201 Kópavogur
S: 564-5700
WWW.YLUR.IS

Kerfisloft

Hagkvæm og falleg lausn fyrir öll loft.
Einstök hönnun sem hentar í flest rými.

OWA

bazookaa!!

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

ÁLTAK

fasteignir

11. FEBRÚAR 2008

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is

Áslaug María
Sölufulltrúi
8200 301
aslaug@remax.is

Benedikt
Sölufulltrúi
661 7788
benolafs@remax.is

RE/MAX Lind

Guðlaugur
Sölufulltrúi
661 6056
gulli@remax.is

Hilmar
Sölufulltrúi
892 2982
hilmarosk@remax.is

Eir
Sölufulltrúi
660 6085
eir@remax.is

Inga
Sölufulltrúi
895 8518
inga@remax.is

Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

SÓL – HITI – SPÁNN !

Spánn, *Torrevieja Costa Blanca ströndin*
Verð aðeins 19.700.000



- Falleg 3ja herbergja íbúð
- Stutt í alla þjónustu, veitingastaði , matvöruverslanir
- 10-20 mínútur í glæsilegar sólarstrendur
- Íbúðin er fullbúin húsgögnum

Verðmetum frítt fyrir þig!
Hringdu núna 699 6165

www.boas.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

Tíu 160 fermetra raðhús með þaksvölum og garði eru nú til sölu á sérstöku tilboði.

Þaksvalir og sundlaug

Tíu raðhús til sölu á Costa Blanca-ströndinni.

Um er að ræða tilboð á tíu raðhúsum við Costa Blanca-ströndina á Spáni. Húsin liggja á svokölluðu Torrevieja-svæði. Verið er að leggja lokahönd á húsin og munu þau verða afhent fullbúin í lok mars í ár. Íbúðirnar eru 160 fermetrar að stærð á tveimur hæðum. Allar íbúðirnar eru með þremur svefnherbergjum, tveimur snyrtingum og með tvennum svölum, þar af einum þaksvölum. Við hvert hús er garður og verönd. Einnig er leiksvæði fyrir börn og lokaður sundlaugagarður. Innréttingar eru allar úr viði.

Í boði er 100 prósenta fjármögnun með óverðtryggðu láni til allt að 30 ára. Nóg væri fyrir kaupendur að leggja út fyrir kostnaði við kaupin, 15 þúsund evrur. Það er spænski byggingaraðilinn Alfa Noray SL og Bancaja bankinn á Spáni sem standa að þessum húsum.

Unnt er að bóka skoðunarferð til Spánar í gegnum þjónustufyrirtækið Costablanca.is og fasteignasöluna Breytling - Properties S.L. en fyrirtækin munu bjóða áhugasömum kaupendum fría gistingu í fjórar nætur. Beint flug er til Alicante frá Keflavík en einnig er hægt að fljúga í gegnum London Stansted.

Kaupendum standa til boða frí afnot af bílaleigubíl í gegnum spænska bílaleigu í allt að 12 vikur.

Eingöngu er um tíu hús að ræða og stendur tilboðið fram til 31. mars 2008.

Finndu þér stað

Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS **4,7%**
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 10.1.2008.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI

F1ton/SÍA

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

NÝBYGGINGAR
Á NÝJUM VEF

NYEIGN.IS

Frum

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

www.byggd.is

Aspafell 8
111 Reykjavík

Frum

Mjög góð tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin er á jarðhæð og er mikið endurnýjuð. Komið er inn á parketlagðan gang, á vinstri hönd er baðherbergi sem er nýlega flísalagt á fallegan hátt. Eldhús er með góðri endurnýjaðri spónlagðri innréttingu, þaðan er opið inn í stofu. Svefnherbergi er rúmgott þar er gott skápapláss. Útganga er úr stofu á svalir. Eignin er laus eftir samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar veitir Björn í síma 897 7832

Björn Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Hert gler
...í milliveggi
Ispan
GLER OG SPEGLAR
Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

HFT einingar
Íslensk framleiðsla
fyrir íslenskar aðstæður

Einingahús í öllum stærðum og gerðum
fyrir jafnt verktaka og einstaklinga

Hús framtíðar ehf.
Skrifstofur
Háholt 14
270 Mosfellsbær
S: 566 6632
Fax: 566 6324
hft@hft.is

Kynntu þér málið á www.hft.is

Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

201 Kópavogur: Parhús miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu

Laxalind 7

Fasteignasalan Domus hefur til sölu 220,6 fm parhús með innbyggðum bílskúr í Lindahverfinu í Kópavogi. Húsið er allt hið vandaðasta á tveimur hæðum. Fallegur gróinn garður og frábært útsýni vestur Kópavoginn til Álftaness. Stór sólpallur er fyrir framan húsið.

Lýsing: Efri hæð skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, stofu, borðstofu, eldhús, búr og bílskúr. Mikil lofthæð með innfelldri halógen-lýsingu og glæsilegt útsýni til vesturs. Í forstofu er náttúrusteinn og hiti í gólfi og fataskápur. Náttúrusteinn á gólfi í stofu og borðstofu, skápar úr hlyni með innfelldri lýsingu. Tengi fyrir hátalara og hljómtæki í veggjum og innréttingu. Í eldhúsi er glæsileg innrétting úr hlyni, granít á borðum og eyju. Tvöföld svalahurð út á vestursvalir. Búr er inni af eldhúsi með góðu skápaplássi. Geymsluloft. Úr búri er innangengt í bílskúr. Náttúrusteinn og hiti í gólfi á gestasalerni. Á neðri hæð er hjónaherbergi með fataherbergi, tvö rúmgóð barnaherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol, stórt þvottahús og góð geymsla. Komið er í opið rými með innfelldri halógen-lýsingu. Þar er tölvuhorn og sjónvarpshol. Rúmgott hjónaherbergi með parketti á gólfi, innangengt á baðherbergi, útgengt er í garð frá hjónaherbergi. Tvö rúmgóð barnaherbergi með parketti á gólfum. Gott baðherbergi með náttúrusteini á gólfum, hornbaðkar með nuddi, stór sturta og innrétting úr hlyni. Innfelld halógen-lýsing. Hiti í gólfi.

Söluverð: 71,9 milljónir

Frum

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009

Laugavegur 101 Rvík.

3ja herbergja íbúðir í nýju, 6 íbúða húsi við Laugaveg. Ekkert hefur verið til sparað varðandi val á efni og hönnun. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og innréttingum. Íbúðirnar eru frá 86,6 fm til 100,8 fm. Mikil lofthæð er í íbúðunum og allar hurðir í yfirstærðum. Lyfta í húsinu. Þakíbúðirnar eru með tvennum svölum og glæsilegu útsýni.

Verð frá 43 til 45 millj.

Seltjarnarnes

Erum með kaupendur að eignum á Seltjarnarnesi

108 Reykjavík

Erum með kaupanda að raðhúsi í Fossvogsdal (Löndunum).

110, 112, 201 eða 203

erum með kaupanda að raðhúsi á einni hæð með stórum bílskúr.

107 Reykjavík

Erum með kaupanda að 3ja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur

Kóngsbakki - 4ra herb.
101.4 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, hjónah., 2. barnaherbergi, bað og þvottah. Íbúðin er upprunaleg og snyrtileg. Sér geymsla í kjallara.
Verð 21.9 millj.

Þórðarsveigur - Útsýnisíbúð
4ra herbergja 106,8 m2 íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, hjónah., 2 barnah., bað, þvottahús og geymslu auk stæðis í bílageymslu.
Verð 29,9 millj.

Auðbrekka - hæð
100 m² 3ja herbergja miðhæð í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og geymslu (5,2m²) á jarðhæð. Eldhús nýlega uppgert.
Verð 22.5 millj.

Laugavegur - 3ja herb
101,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. 65 fm svalagarður til suðurs með heitum potti. Forstofa, bað, eldhús og tvö svefnh. Eignin er öll nýlega endurnýjuð að sögn eiganda þ.e.a.s. raflagnir, þak og ofnalagnir. Sameignin falleg.

Álftamýri - 3ja herbergja
82 fm 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Öll gólf eru parketlögð, nema eldhús og baðherbergi. Mósaík flísar eru á baðherbergi. Þvottahús með geymslu innan íbúðar.
Verð 22.9 millj.

Háaleitisbraut - 108 Reykjavík
Silja vann þrjú gullverðlaun

Silja Úlfarsdóttir vann flest gull á MÍ í frjálsum íþróttum. FH-ingar eignuðust flesta Íslandsmeistara eða níu en ÍR vann Íslandsmeistaratitil félaga.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Silja Úlfarsdóttir úr FH var sigursælust á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem fram fór um helgina en hún vann þrjú gull.

„Ég ætlaði mér alltaf að ná í þessi þrjú gull og sætti mig ekki við neitt nema að vinna. Þetta tókst bara vel og ég hljóp bara ágætlega. Tímarnir voru allt í lagi miðað við hvar ég er í æfingaprógramminu," sagði Silja, sem vann 60 og 40 metra hlaup á laugardeginum og fylgdi því síðan eftir með sigri í 200 metra hlaupi í gær.

Lið ÍR varð Íslandsmeistari félagsliða, hlaut samtals 27.774 stig, 1.584 stigum meira en lið FH sem varð í öðru sæti með 26.190 stig. Lið Breiðabliks varð í þriðjan sæti með samtals 20.595 stig. ÍR vann kvennakeppnina en lið FH sigraði í karlakeppninni.

„Við vorum ekki að hugsa um þessa stigakeppni heldur vorum meira að stíla inn á það að eintaklingarnir fengju að njóta sín í staðinn fyrir að setja marga í margar greinar og reyna að hala inn stigum. Við vorum að hugsa um árangurinn og satt að segja þá var ég búin að steingleyma þessari stigakeppni og fékk alveg í magann þegar ég áttaði mig á því, annars hefði ég hlaupið hraðar í 400 metra hlaupinu til þess að ná í fleiri stig," segir Silja en 400 metra hlaupið hennar skilaði samt 1.051 stigi sem var næstbesti árangur helgarinnar.

„Við stílum meira inn á utanhússtímabilið, þetta er frekar nýtilkomið og svo erum við FH-ingar ekki með höll og því ekki að hugsa eins mikið um þetta og aðrir," segir Silja sem var að keppa á sínu fyrsta innanhúsmóti, því hún var lengi við nám í Bandaríkjunum.

FH-ingar eignuðust flesta Íslandsmeistara um helgina eða alls níu en Silja var ein af þremur FH-ingum sem náðu að vinna fleiri en eina grein. Þeir Óli Tómas Freysson og Björn Margeirsson unnu báðir tvo titla. Silja var ánægð með framgöngu síns fólks.

„Ég held að við höfum fengið fleiri sigurvegara en við áttum von," segir Silja.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni vann tvo Íslandsmeistaratitla í 60 metra grindahlaupi og kúluvarpi og sló eigin stúlkna- og unglingamet í 60 metra grindahlaupi og í 200 metra hlaupi í gær en hún varð í öðru sæti á eftir Silju í 200 metra hlaupinu. ÍR-ingurinn Jóhanna Ingadóttir vann bæði langstökk og þrístökk á mótinu en á laugardaginn stökk hún fjórða lengsta stökk íslenskra kvenna í sögunni. **ooj@frettabladid.is**

VERÐLAUN FYRIR 200 METRA Einar Daði Lárusson úr ÍR (silfur), Óli Tómas Freysson úr FH (gull) og þeir Arnór Jónsson úr Breiðabliki og Ragnar Frosti Frostason úr UMSS (báðir brons). FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

3.000 M HLAUP Fjölnisstelpurnar Íris Anna Skúladótir (brons), Arndís Ýr Hafþórsdóttir (gull) ásamt ÍR-ingnum Fríðu Rún Þórðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

TVÖ GULL FH-ingurinn Björn Margeirsson vann bæði 800 og 1.500 metra hlaup á MÍ um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

STIGAHÆST Helena Sverrisdóttir hefur leikið afar vel með TCU á síðustu vikum.
MYND/KEITH ROBINSON

Bandarískt háskólaboltinn:

Flottur leikur hjá Helenu

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir var stigahæsti leikmaður TCU annan leikinn í röð og í fjórða skiptið í síðustu sex leikjum þegar hún skoraði 15 stig í öruggum 75-54 útisigri á San Diego State.

Helena átti mjög góðan leik og var að auki með 6 fráköst, 4 stoðsendingar og 3 stolna bolta þrátt fyrir að spila aðeins í 24 mínútur í leiknum. Hún hitti úr 5 af 8 skotum sínum og var með 24 í framlagi fyrir frammistöðuna. **- óój**

FLATSKJÁIR

FRÁBÆR TILBOÐ

PIXEL PLUS HD

Philips 42PFP5532D
42" Plasma Pixel Plus HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x768 punktar upplausn, Pixel Plus HD myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, Progressive Scan, HD Ready, 15.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ **139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

HDMI

Philips 19PFL4322
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 850:1 skerpu, Anti Reflection, 12w Nicam stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ **69.995**

Philips 20PFL4122
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 p. uppl., Crystal Clear III og Progressive Scan, 800:1 skerpu, 20w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður að XGA), textavarpi ofl.

TILBOÐ **62.995**
FULLT VERÐ **74.995**

Philips 20PFL5122
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, 800:1 skerpu, FM útvarpi, 20w stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-I tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ **84.995**

Philips 26PFL5322
26" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 4000:1 skerpu, 20w stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ **89.995**



Panasonic TX26LM70F
26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ **109.995**



Panasonic TX32LM70F
32" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ **119.995**

Panasonic TX37LZD70F
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

TILBOÐ **189.995**
FULLT VERÐ **229.995**

Vreal²

VIERA LINK

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700

Heimilistæki ht.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

Man. Utd-Man. City 1-2
0-1 Darius Vassell (24.), 0-2 Benjamin Mwaruwari (45.), 1-2 Michael Carrick (90.+2)
Chelsea-Liverpool 0-0

STAÐAN:

Arsenal	**25**	**18**	**6**	**1**	**52-18**	**60**
Man. Utd	26	18	4	4	50-14	58
Chelsea	**26**	**16**	**7**	**3**	**38-17**	**55**
Everton	26	14	5	7	41-23	47
Liverpool	**25**	**11**	**11**	**3**	**40-17**	**44**
Aston Villa	26	12	8	6	48-34	44
Man. City	**26**	**12**	**8**	**6**	**34-29**	**44**
Portsmouth	26	11	8	7	36-26	41
Blackburn	**25**	**10**	**9**	**6**	**32-31**	**39**
West Ham	25	10	7	8	30-23	37
Tottenham	**26**	**8**	**8**	**10**	**48-41**	**32**
Middlesbrough	26	7	8	11	23-38	29
Newcastle	**26**	**7**	**7**	**12**	**29-47**	**28**
Sunderland	26	7	5	14	26-45	26
Bolton	**26**	**6**	**7**	**13**	**26-35**	**25**
Wigan	26	6	5	15	24-42	23
Birmingham	**26**	**5**	**7**	**14**	**25-38**	**22**
Reading	26	6	4	16	30-53	22
Fulham	**26**	**3**	**10**	**13**	**25-44**	**19**
Derby	26	1	6	19	13-55	9

N1-deild karla í handbolta

Haukar-ÍBV 32-28 (15-10)
Mörk Hauka: Kári Kristjánsson 7 (8), Jón Karl Björnsson 5/3 (5/3), Andri Stefan 5 (11), Gísli Jón Þórisson 3 (4), Elías Már Halldórsson 3 (6), Sigurbergur Sveinsson 3/1 (9/2), Freyr Brynjarsson 2 (3), Arnar Pétursson 2 (3), Gunnar Berg Viktorsson 2 (5), Pétur Pálsson (1), Þröstur Þráinsson (2)
Varin skot: Gísli Guðmundsson 29 (52/2 55,8%), Aron Rafn Eðvarðsson 1 (6/2 16,7%)
Hraðaupphlaup: 7 (Elías 2, Arnar 2, Kári 3)
Fiskuð víti: 5 (Freyr, Arnar 2, Jón, Gunnar)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk ÍBV: Sigurður Bragason 14/4 (21/4), Sergey Trotsenko 6 (16), Zilvinas Grieze 3 (9), Leifur Jóhannesson 2 (3), Nikolaj Kulikov 2 (4), Brynjar Karl Óskarsson 1 (2), Grétar Eyþórsson (1), Sindri Haraldsson (2)
Varin skot: Kolbeinn Arnarson 19/1 (51/5 37,3%)
Hraðaupphlaup: 5 (Grieze 2, Sigurður, Leifur. Trotsenko)
Fiskuð víti: 4 (Sigurður 2, Grieze, Grétar)
Utan vallar: 6 mínútur

N1-deild kvenna í handbolta

Fylkir-HK 25-25 (11-10)
Mörk Fylkis (skot): Natasa Damljanovic 9/2 (16/4), Elzbieta Kowal 5 (6), Sunna María Einarsdóttir 5/4 (12/4), Ingibjörg Karlsdottir 3 (5), Sigríður Hauksdóttir 2 (4), Elín Helga Jónsdóttir 1 (1)
Varin skot: Jelena Jovanovic 25/1 (49/4) 51%
Hraðaupphlaupsmörk: 5 (Ingibjörg 2, Natasja, Sigríður, Elín Helga)
Fiskuð víti: 6 (Tinna Jökulsdóttir 2, Ingibjörg, Sigríður, Sunna María, Sunna Einarsdóttir)
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk HK (skot): Auður Jónsdóttir 4 (7), Arna Sif Pálsdóttir 4/2 (8/2), Jóna Sigríður Halldórsdóttir 4 (8), Elva Björk Arnarsdóttir 3 (5), Natalia Ciepl owska 3/1 (11/2), Rut Jónsdóttir 3 (7), Elín Anna Baldursdóttir 2 (2), Lilja Lind Pálsdóttir 1 (1), Brynja Magnúsdóttir 1 (3).
Varin skot: Ekaterina Dzhukeva 11/1 (28/3) 39%, Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 4/0 (13/2) 30%
Hraðaupphlaupsmörk: 6 (Elva Björk 3, Jóna Sigríður, Arna Sif, Auður)
Fiskuð víti: 4 (Arna Sif 3, Auður)
Utan vallar: 6 mínútur.

Iceland Express d. karla

Þór Ak.-Stjarnan 89-84 (42-42)
Stig Þórs: Cedric Isom 31 (10 frák.), Óðinn Ásgeirsson 24, Luka Marolt 13, Robert Reed 7 (11 frák., 3 varin), Hrafn Jóhannesson 7, Þorsteinn Gunnlaugsson 4, Bjarki Ármann Oddsson 2, Magnús Helgason 1
Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 23, Dimitar Karadzovski 23, Kjartan Kjartansson 11, Calvin Roland 11 (13 frák.), Fannar Freyr Helgason 9, Sævar Ingi Haraldsson 3, Eiríkur Þór Sigurðsson 2, Guðjón Lárusson 2.
Grindavík-Tindastóll 108-78
Stigahæstir hjá Grindavík: Adama Darboe 23, Páll Axel Vilbergsson 22, Helgi Jónas Guðfinnsson 20, Jonathan Grifffin 12, Igor Beljanski 12.
Stigahæstir hjá Tindastóli: Joshua Buettner 19, Phillip Perry 14, Svavar Birgisson 13, Ísak Einars son 13, Samir Shaptahovic 11.
Snæfell-Hamar 98-80
Stigahæstir hjá Snæfelli: Justin Shouse 21 (9 stoðs.), Sigurður Þorvaldsson 19, Hlynur Bæringsson 17 (8 frák.), Abnders Katholm 16, Slobodan Subasic 14.
Stigahæstir hjá Hamri: Nicholas King 24, Roni Leimu 17, Roman Moniak 13, Svavar Pálsson 12. Lárus Jónsson 10 (8 stoðs.)

Reykjavíkurmót karla í fótb.

Fjölnir-KR 4-2
1-0 Gunnar Már Guðmundsson, víti (37.) , 2-0 Gunnar Már (38.), 3-0 Ómar Hákonarson (41.), 4-0 Ómar (45.) , 4-1 Guðjón Baldvinsson (59.) 4-2 Guðjón, víti (72.).
Þróttur-Víkingur 1-0
1-0 Hjörtur Hjartarson (67.)
Fram-Fylkir 2-3
1-0 Heiðar Júlíusson, víti (7.), 1-1 Viðir Leifsson (8.), 1-2 Halldór Hilmisson (12.), 1-3 Kjartan Baldvinsson (61.), 2-3 Hjálmar Þórarinsson, víti (77.). Fylkismennirnir Viðir Leifsson (2 gul) og Guðni Rúnar Helgason fengu rautt spjald sem og Framarinn Heiðar Geir Júlíusson.

Haukar virtust vanmeta ÍBV og topplið N1-deildarinnar þurfti að hafa fyrir því að sigra botnliðið á heimavelli:

Haukar í vandræðum með Eyjamenn

HANDBOLTI Sigur toppliðs Hauka á botnliði ÍBV í N1-deild karla í gær var ekki rismikill. Haukar unnu fjögurra marka sigur, 32-28, og geta þakkað fyrir að andstæðingurinn var ekki sterkari.

Sigurður Bragason fór á kostum í liði ÍBV og skoraði 14 mörk en aðrir leikmenn sýndu ekki mikla tilburði að undanskildum hinum unga markverði liðsins, Kolbeini Arnarsyni, sem átti fínan leik.

ÍBV skoraði tvö fyrstu mörk leiksins og komst í 1-4. Haukar fóru illa með færin allt þar til skipt var um bolta eftir rúmlega 10 mínútna leik. Haukar skoruðu þá sjö mörk gegn einu og komust í 8-5. Haukar voru 15-10 yfir í hálfleik og náðu síðan fljótt átta marka forystu í upphafi seinni hálfleiks.

FJÓRTÁN MARKA MAÐUR Sigurður Bragason lék vel með ÍBV gegn Haukum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Upp úr miðjum hálfleiknum fóru Haukar að slaka á og Eyjamenn náðu að minnka muninn hægt og bítandi en Haukar unnu að lokum öruggan fjögurra marka sigur. Þeir geta öðrum fremur þakkað markverði sínum, Gísla Guðmundssyni, að ekki fór verr en hann var frábær í leiknum. Kári Kristján Kristjánsson átti einnig góðan leik en aðrir lykilmenn liðsins náðu sér ekki á strik.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var ekki sáttur við spilamennsku síns liðs þrátt fyrir stigin tvö.

„Við spiluðum góða vörn og keyrðum í bakið á þeim en það er ekki nóg, það þarf að koma boltanum framhjá markverðinum. Við sköpuðum okkur færi en skoruðum ekki úr færunum. Við náðum samt fimm marka forystu í hálfleik. Svo þegar við komumst í átta mörk er eins og leikmenn slaki á og ætli að gera þetta með vinstri. Það er alveg sama á móti hvaða liði við erum að spila. Við getum ekki leyft okkur það, við erum ekki það góðir," sagði Aron. **- gmi**

City vann United aftur

Arsenal getur náð fimm stiga forskoti á toppnum í kvöld eftir 2-1 tap Man. United gegn Man. City sem vann í fyrsta sinn á Old Trafford síðan árið 1974.

FÓTBOLTI Manchester United tapaði sínum fyrsta heimaleik á tímabilinu og í fyrsta sinn á Old Trafford í 34 ár fyrir nágrönnum sínum í City í Manchester-slagnum í gær. Manchester City vann fyrri leikinn 1-0 og nær því í fyrsta sinn síðan 1969-1970 tímabilið öllum sex stigum út úr derby-leikjunum við United. Manchester United hefur þar með aðeins fengið eitt stig út úr síðustu tveimur leikjum og þar með getur Arsenal náð fimm stiga forskoti á toppnum vinni liðið leik sinn gegn Blackburn í kvöld.

Sir Alex Ferguson hefði kannski þurft fyrir leikinn að hafa meiri áhyggjur af frammistöðu sinna manna en framgöngu stuðningsmanna Manchester City. Minningarathöfnin fyrir leikinn gekk vel og stuðningsmenn City virtu mínútuþögn til heiðurs þeim sem létust í München-slysinu fyrir 50 árum. Þeir fengu nóg að fagna seinna því það voru örugglega ekki margir stuðningsmenn City sem höfðu upplifað það að fagna sigri á Old Trafford.

LOKSINS Stuðningsmenn Manchester City fögnuðu á Old Trafford. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég er rosalega stoltur af mínu liði. Allir sem tilheyra félaginu, frá stuðningsmönnum til stjórnarmanna, mega vera hreyknir af afreki liðsins í dag. Allir spiluðu vel og Benjani var frábær," sagði Sven-Göran Eriksson, stjóri Manchester City.

Kollegi hans Sir Alex Ferguson gaf hins vegar engin viðtöl eftir leik og rauk í burtu út á flugvöll og fór til Suður-Afríku þar sem hann er að auglýsa ferð liðsins á undirbúningstímabilinu fyrir næsta vetur.

SLAKUR Cristiano Ronaldo átti ekki góðan dag. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta var bara ekki okkar dagur, það var ekkert tempó í okkar leik og vantaði allan kraft," sagði Carlos Queiroz, aðstoðarmaður Ferguson, sem var sendur í viðtölin. Hann bætti við. „Þessi úrslit gefa Arsenal-mönnum sjálfstraust í titlabaráttunni en við höfum viku til að undirbúa okkur fyrir bikarleikinn á móti þeim. Við álitum að þessi leikur hafi verið slys og okkur varnarlega í upphafi leiks og það vantaði líka flæði í okkar sóknarleik. Það kannski eðlilegt þegar nýjum manni er bætt við," sagði Hrafn en miðherjinn Robert Reed spilaði sinn fyrsta leik með Þórsliðinu í gær.

„Í þriðja og fjórða leikhluta náðum við stoppunum í vörninni og við erum lið sem þrífst á því að stoppa og nýta okkur Cedric Isom í hröðum sóknum," sagði Hrafn en Cedric var stigahæstur með 31 stig í gær. „Við rembdumst eins og rjúpan við staurinn til þess að ná muninum upp í átta stig," segir Hrafn, sem stefnir á úrslitakeppnina.

„Við eigum fimm leiki í röð sem við teljum okkur eiga að vinna ef við komum rétt innstilltir. Okkar markmið er eins og áður áttunda sætið og sæti í úrslitakeppninni," sagði Hrafn en leikurinn í gær var uppgjör mismunandi leikstíla því Þór skoraði 11 fleiri tveggja stiga körfur en Stjarnan tók 31 fleiri þriggja stiga skot. **- óój**

Markalaust á Brúnni

Liverpool-menn voru sterkari aðilinn fram eftir leik á Stamford Bridge en Chelsea-menn fengu besta færi leiksins þegar Michael Ballack skaut framhjá tíu mínútum fyrir leikslok. Markalaust jafntefli og eitt stig þýðir það hins vegar að Liverpool er með jafnmörg stig og Aston Villa og Man. City í 5. til 7. sæti og þremur stigum á eftir nágrönnunum í Everton.

„Við erum ekki ánægðir og lítum á þetta sem glatað tækifæri. Það er samt ekki auðvelt að spila á móti Liverpool sem spilar mjög taktískan leik. Þetta var betra í seinni hálfleik og við klúðruðum dauðafæri í lokin," sagði Avram Grant, stjóri Chelsea sem jafnframt afskrifaði titilvonir Liverpool. „Við fengum nokkur færi í fyrri hálfleik og vörðumst vel í þeim seinni og gátum alveg fengið öll stigin. Við verðum að halda áfram að spila eins og við gerðum í dag því við ætlum okkur að vera með fjögurra efstu," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

ooj@frettabladid.is

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær:

Þórsarar unnu nýliðaslaginn

KÖRFUBOLTI Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær. Þórsarar unnu 89-84 sigur á Stjörnunni í uppgjöri nýliðanna í Síðuskóla og þá unnu Grindvíkingar og Snæfellingar örugga heimasigra gegn Tindastól og Hamri, sem voru hentug úrslit fyrir Akureyringa.

Þórsarar lentu undir í byrjun leiks gegn Stjörnunni og staðan var 19-25 fyrir Stjörnuna eftir fyrsta leikhluta en í hálfleik var jafnt 42-42. Þórsarar voru sterkari í lokin en náðu þó ekki að vinna innbyrðisstöðu liðanna því Stjarnan hafði unnið fyrri leikinn með átta stigum.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs, var ánægður með sigurinn. „Við vorum ekki að finna okkur varnarlega í upphafi leiks og það vantaði líka flæði í okkar sóknarleik. Það kannski eðlilegt þegar nýjum manni er bætt við," sagði Hrafn en miðherjinn Robert Reed spilaði sinn fyrsta leik með Þórsliðinu í gær.

STERKUR SIGUR Þórsarinn Cedric Isom lék vel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

NÁÐU JÖFNU Auður Jónsdóttir hjá HK gegn Fylki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

N1-deild kvenna í handbolta:

Jafnt í Árbæ

HANDBOLTI Fylkir og HK skildu jöfn í miklum spennuleik í N1-deild kvenna í Fylkishöllinni í gærkvöldi. Fyrir leikinn voru liðin hlið við hlið í töflunni.

Stúlkurnar úr Árbænum hófu leikinn af miklum krafti og náðu mest sex marka forystu, 7-1. Þá tóku HK-stelpur við sér og náðu að minnka muninn smátt og smátt og þegar flautað var til leikhlés var staðan 11-10 Fylki í vil. Fylkisstelpur komust mest í fjögurra marka forskot, 19-15, um miðjan hálfleikinn en HK náði að jafna leikinn 24-24 þegar um ein mínúta var eftir. Hvort lið skoraði svo eitt mark á síðustu mínútunni og lokatölur því 25-25. Erlingur Richardsson, þjálfari HK, var sáttur með eitt stig í lok leiks. „Ég er ekki sáttur með leik minna stúlkna en þakklátur fyrir stigið eins og leikurinn spilaðist. Við jöfnuðum auðvitað á síðustu sekúndunum og það sýnir karakter hjá okkur eftir að hafa verið undir." **- sjj**

Afríkukeppni landsliða:

Egyptar unnu

FÓTBOLTI Egyptaland vann Afríkukeppni landsliða í knattspyrnu annað skiptið í röð eftir 1-0 sigur á Kamerún í gær. Aboutreika skoraði sigurmarkið á 77. mínútu leiksins. Þetta er sjötti Afríkutitill Egypta, sem er met. Gana vann bronsið eftir 4-2 sigur á Fílabeinsströndinni í leiknum um 3. sætið. **- óój**

Meistaradeildin í handbolta:

Snorri með sjö í sigri á Barca

HANDBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson skoraði sjö mörk fyrir GOG og Ásgeir Örn Hallgrímsson bætti við fjórum er liðið vann frábæran sigur 35-33 á stórliði Barcelona í Meistaradeild Evrópu í gær en Barcelona var með fimm marka forystu í hálfleik, 19-14.

Flensburg missti aftur á móti niður sex marka forystu og gerði 30-30 jafntefli við Hamburg. Alexander Petersson skoraði fjögur mörk fyrir Flensburg í leiknum. **- óój**

Af hverju að borga of háa vexti?

TILBOÐS VEXTIR!

17,20%

Tilboðslán

- Lægri greiðslubyrði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán



Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	1.000.000 kr.	2.000.000 kr.
1	19.340	38.123	56.906	94.472	184.120
2	10.521	20.651	30.781	51.042	101.694
3	7.581	14.827	22.073	36.566	72.796
4	6.111	11.915	17.719	29.327	58.347
5	5.229	10.168	15.107	24.984	49.678
6	4.641	9.003	13.365	22.089	43.898
7	4.221	8.171	12.121	20.021	39.770
8	3.906	7.547	11.188	18.470	36.674

Forsendur: 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 17,20% vextir - Kostnaður lánaður

Þú borgar 317.277 kr. minna með því að taka tilboðslán hjá S24

M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 17,20% vexti hjá S24 og 21% vexti hjá öðrum bönkum og sparisjóðum þá borgarðu 3.305 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, eða 39.660 kr. minna á ári og 317.277 kr. minna í heildina.

S24 ...og þú hagnast

*Miðað við vaxtatöflu S24 01.12.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.03.2008.

Sæktu um... www.s24.is

dagskrá

> Rob Schneider

„Eina ástæðan fyrir því að ég fór í leiklistina var til þess að komast hjá því að vinna vinnu á hverjum degi á skrifstofutíma," segir grínistinn Rob Schneider sem leikur í grínmyndinni Deuce Bigalow – European Gigolo í kvöld kl. 18 á Stöð 2 Bíó.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM

Með kvenmannshaus á hvorum handlegg

Fyrir rúmlega hálfri öld steig ungur Eyrbekkingur um borð í kaupskip sem tók stefnuna á Þýskaland. Eins og skilja má var um mikið ævintýri að ræða fyrir hinn unga mann, þar sem það var ekki algengt að menn legðust mikið í ferðalög á fyrri hluta síðustu aldar. Nema hvað. Halli, eins og ég kýs að kalla hann, taldi mikilsvert að gjörnýta ferðalagið og koma heim með eitthvað sem sannaði að hann væri sigldur maður. Hann vissi að það yrði ekki gert nema á einn hátt.

Halli hafði ekki verið lengi í þýskri hafnarborg þegar hann labbaði inn á skítugan bar þar sem stóð Tattoo í glugganum. Eftir tjáskipti kom hann skeggjuðum barþjóni í skilning um að hann vildi fá heilmyndir af suðrænum meyjum á sinn hvorn upphandlegginn. Það var auðsótt; Halli borgaði og barþjónninn teiknaði. Klukkustund síðar kom barþjónninn Halla í skilning um að hann myndi ekki teikna meira í dag. Hann yrði að koma aftur til að klára verkið. Halli starði á tvö blæðandi kvenmannshöfuð á upphandleggjum sínum og reyndi að útskýra að hann væri frá Íslandi og flýta þyrfti verkinu. Það var ekki hægt og Halli ákvað að myndirnar yrði að klára næst þegar hann ætti leið um. Í dag tekur Halli vart eftir hausunum tveim. Meyjarnar hafa elst með honum, reyndar illa en það er annað mál. Þeir sem þekkja söguna vita hvað blásvörtu blettirnir standa fyrir.

Húðflúr er ævaforn hefð. Áherslur þessa tjáningarforms eru misjafnar eftir heimshlutum og hvar í tilverunni einstaklingurinn er. Þessi ferðalangur sem aldrei víkur frá eigenda sínum getur verið stórkostlegt listaverk eða viðbjóðsleg lágkúra.

Þetta endurspeglast í þættinum Miami Ink sem sýndur er á Discovery-sjónvarpsstöðinni þessa dagana. Sögurnar sem þar eru sagðar eru í öllum regnbogans litum eins og fólkið og myndirnar sjálfar; sem allar eru fullkláraðar.

EKKI MISSA AF

19.00 Hollyoaks SIRKUS

20.00 One Tree Hill SKJÁREINN

20.20 Kerfi Pútíns SJÓNVARPIÐ

21.45 Side Order of Life STÖÐ 2

22.00 The 40 Year Old Virgin STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hanna Montana
17.53 Skrítin og skemmtileg dýr
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís
18.06 Lítil prinsessa
18.17 Halli og risaeðlufatan
18.30 Út og suður
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Kerfi Pútíns (1:2) (Le système Poutine) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum um Vladimír Pútín Rússlandsforseta og feril hans.
21.15 Glæpahneigð (38:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
22.45 Flokksgæðingar (6:8) (Party Animals) Bresk þáttaröð um unga aðstoðarmenn og ráðgjafa í stjórnkerfinu í Westminster. Álagið er mikið og þeir þurfa að axla mikla ábyrgð í störfum sínum en einkalíf þeirra er allt í óreiðu.
23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.45 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Laurel Canyon
08.00 Son of the Mask
10.00 Fjölskyldubíó-Ævintýraferðin
12.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
14.00 Son of the Mask
16.00 Fjölskyldubíó-Ævintýraferðin
18.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
20.00 Laurel Canyon
22.00 The 40 Year Old Virgin Kolsvört gamanmyn með grínaranum Steve Carell og Paul Rudd í aðalhlutverkum.
00.00 Man on Fire
02.25 Shallow Grave (e)
04.00 The 40 Year Old Virgin

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar.
08.10 Oprah
08.50 Í fínu formi
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella (1:300)
10.10 Sisters (12:22) (e)
10.55 Joey
11.20 Örlagadagurinn (20.30)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Numbers
13.55 The Ballad of Ramblin´ Jack
15.55 Barnatími Stöðvar 2 W.I.T.C.H., BeyBlade, Froskafjör, Litlu Tommi og Jenni, Tracey McBean 2 Leyfð öllum aldurshópum.
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (5202.5460)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veðuryfirlit
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.25 The Simpsons (e)
19.50 Friends (20:24)
20.15 American Idol (7:41) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. 21.00 American Idol (8:41)
21.45 Side Order of Life Þátturinn fjallar um Jenny, sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf.
22.30 Crossing Jordan
23.15 Walker
00.50 Most Haunted
01.40 TimeCode
03.15 The Ballad of Ramblin´ Jack
05.05 The Simpsons (e)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Spænski boltinn (Real Madrid - Valladolid) Útsending frá leik í spænska boltanum.
16.10 Spænski boltinn (Real Madrid - Valladolid) Útsending frá leik í spænska boltanum.
17.50 PGA Tour 2008 - Bein útsending (AT&T Pebble Beach) Útsending frá AT&T Pebble Beach sem fór fram sunnudaginn 10. febrúar en meðal keppenda var Phil Mickelson, sigurvegari síðasta árs.
20.50 Inside Sport (Justin Henin / Rory McIlroy) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
21.20 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights) Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.45 Utan vallar (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
23.30 Heimsmótaröðin í póker

SÝN 2

07.00 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 Derby - Tottenham Útsending frá leik Derby og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 English Premier League
18.45 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
19.50 Arsenal - Blackburn (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Arsenal og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 English Premier League (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
22.50 Coca Cola mörkin
23.20 Arsenal - Blackburn (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.15 Vörutorg
17.15 Fyrstu skrefin (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Giada´s Everyday Italian (e)
19.30 30 Rock (e)
20.00 One Tree Hill - NÝTT Bandarísk unglingasería
21.00 Bionic Woman (2:8) Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jamie er að læra á nýja hæfileika sína og venjast breyttu lífi á sama tíma og hún reynir að sjá um systur sína. Hún þarf líka að gera upp við sig hvort hún sé tilbúin að vinna fyrir skaparа sína.
22.00 C.S.I. New York (22:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Stella liggur undir grun í gömlu morðmáli í Filadelfíu eftir að lífssýni úr henni passar við sönnunargögn sem tengjast morðinu. Mac leggur starfsferil sinn að veði þegar innra eftirlit lögreglunnar fer að fylgjast með honum.
22.50 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.35 The Drew Carey Show
00.00 Dexter (e)
00.50 The Dead Zone (e)
01.40 NÁTTHRAFNAR
01.40 C.S.I. Miami
02.25 Less Than Perfect
02.50 The World's Wildest Police Videos
03.35 Vörutorg
04.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15
American Idol

Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar kepninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Aðstandendur keppninar hafa fullyrt að þeir hafi aldrei fengið jafn lélega keppendur en heldur aldrei jafn góða. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Jay Leno
Skjár einn kl. 22.50

Leno, sem hafði verið á dagskrá Skjás eins frá upphafi stöðvarinnar, hætti á dagskrá í október sl. Er óhætt að segja að aðdáendur Lenos geti tekið gleði sína á ný þar sem sýningar hafa verið teknar upp aftur og fyrsti þátturinn er í kvöld.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.20 Kvika
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Afsprengi
23.10 Lárétt eða lóðrétt

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (120:260)
16.30 Hollyoaks (121:260)
17.00 Totally Frank
17.25 Falcon Beach
18.15 X-Files (9:24)
▶ **19.00 Hollyoaks** (120:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
19.30 Hollyoaks (121:260)
20.00 Grammy Awards 2008 Samantekt frá Grammy-verðlaunahátíðinni sem fór fram sl. nótt í Los Angeles.
22.00 Pushing Daisies Þættirnir eru einskonar nútíma ævintýri. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að fórna öðru lífi á móti.
22.40 Cold Case (4:23) (Köld slóð)
23.25 Prison Break (11:22)
00.10 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
00.35 Extreme: Life Through a Lens (1:13) (Öfgar: Lífið í linsunni)
01.20 Lovespring International (6:13)
01.45 Big Day (6:13)
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Mér finnst Gestir þáttarins eru Kolbrún Bergþórsdóttir og Björk Jakobsdóttir.
21.00 Hvað ertu að hugsa? Guðjón Bergmann ræðir við Þorvald Þórisson hátindahöfðingja um hvers konar hugarfar hann hafi tileinkað sér til að klífa tinda hárra fjalla.
21.30 Vangaveltur Kristján Helgason og Ásta Valdimarsdóttir söngvarar og hláturjógakennar eru gestir þáttarins og ræða þau um hlátur í öllum sínum myndum.

DR 1

11.00 TV Avisen **11.10** 21 Søndag **11.50** Aftenshowet **12.15** OBS **12.20** Guide til vejrs **12.50** DR1 Dokumentaren - Ravsøstre **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer - det bedste af det bedste **15.30** Robotboy **15.45** Troldspejlet **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Søren Ryge - Manden og ørnen **19.00** Michael Palin i det nye Europa **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Efter Thomas **22.35** OBS **22.40** Seinfeld **23.05** Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

NRK 1

11.10 Kjempekrabbenes invasjon **11.40** Grosvold **12.20** Åpen himmel: Engler i advent **12.50** Med hjartet på rette staden **13.40** Urter **14.00** Newton **14.30** Erstatterne **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Supermusikk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Månáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Berre ein gris **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Jane Eyre **21.30** Store studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Kriminalsjef Foyle **23.55** Nytt på nytt **0.25** Kulturnytt

SVT 1

11.05 Agenda **12.00** Sportspegeln **12.45** Karriär **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Ramp **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.25** Min förskola **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Hjärnkontoret **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Föreställningar **20.30** Kobra **21.00** En pappas kamp **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Babben & co **23.20** Vita huset **0.05** Sändningar från SVT24

Viðskiptalífið þarfnast öflugra lögfræðinga. Sérhæft laganám skapar forskot.

Bryndís Hlöðversdóttir
forseti lagadeildar

WWW.BIFRÖST.IS

Meistaranám í lagadeild

ML Í LÖGFRÆÐI
MA Í SKATTARÉTTI

Meistarapróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst opnar leiðir á öllum sviðum hefðbundinnar lögfræði, sérstaklega þó á fyrirtækja- og fjármálamarkaði. Í lagadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á tvenns konar meistaranám. Annars vegar 60 eininga nám til ML gráðu sem veitir aukna fræðilega þekkingu á lögfræði, auk þjálfunar í lögmannsstörfum og ráðgjöf. Að náminu loknu öðlast nemendur rétt til að þreyta próf til málflutningsréttinda.
Hins vegar er boðið upp á 45 eininga MA nám í skattarétti. Námið er undirbúningur fyrir vinnu við skattamál hjá hinu opinbera, í bönkum, hjá ráðgjafarfyrirtækjum og víðar.

Meistaranám í lagadeild er eftirsóknarvert framhaldsnám sem veitir fjölbreytta starfsmöguleika.

FRUMGREINADEILD
- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD
- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM31014

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er voðalega mikið að hlusta á nýja diskinn með Rufus Wainwright þar sem hann tekur lög eftir Judy Garland. Ég ætla að skella mér á tónleikana með honum í apríl enda finnst mér hann mjög áhugaverður tónlistarmaður.“

Ragna Fróðadóttir, fatahönnuður.

Sopranos elska Óla

„Ég hitti þá bara í partíi og okkur leist svona vel hverju á annað að við vildum gera eitthvað saman,“ segir Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri, en hann hefur á tæpu einu ári safnað að sér þremur leikurum úr mafíuþáttunum vinsælu The Sopranos. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í fyrra lék stórleikarinn Michael Imperioli í kvikmyndinni Stóra planið sem frumsýnd verður á næstunni. Og nú hefur Ólafur ráðið þau Sharon Angela og loks Steve Schirripa í kvikmyndina Ken'tuc'ee en Schirripa ætti að vera íslenskum aðdáendum þáttanna að góðu kunnur sem mágur sjálfs Tony Soprano. Eins og komið hefur fram hafa tökurnar allar verið hinar skrautlegustu, sjónvarpskokkurinn Nigella Lawson kom og eldaði ofan í mannskapinn, en myndin fjallar um heim klaufalegra engla í New York og á Íslandi.

Ólafur kann litlar skýringar á því hvers vegna Sopranos-leikararnir dragast svona að honum og segist ekki hafa hugmynd um hvort Imperioli hafi lagt inn svona gott orð hjá samleikurum sínum úr þáttaröðinni. „Þetta er bara alvöru lið sem vill vinna,“ svarar Ólafur, sem verður þó frá tökum næstu daga enda lagður af stað til Berlínar þar sem kvikmyndin The Amazing Truth About Queen Raquela verður frumsýnd á kvikmyndahátíð borgarinnar. Þá hefur myndinni jafnframt verið boðið á South by Southwest-kvikmyndahátíðina í Texas sem hefur vakið feikimikla athygli á undanförnum árum og þykir ein sú allra eftirsóknarverðasta meðal ungra kvikmyndagerðarmanna. **- fgg**

MEÐ MAFÍÓSA Ólafur með Steve Schirripa og Logan Hoffman við tökur en sá fyrrnefndi leikur mág Tony Sopranos í The Sopranos.



LÁRÉTT
2. lítið **6.** frá **8.** átti heima **9.** yfirgaf **11.** málmur **12.** stoðgrind **14.** samfokin fönn 16. utan **17.** knæpa **18.** að **20.** bardagi **21.** blóðsuga.

LÓÐRÉTT
1. slitrótt tal **3.** í röð **4.** gutla **5.** tæki **7.** pedali **10.** segi upp **13.** draup **15.** setja **16.** erlendis **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lágt, **6.** af, **8.** bjó, **9.** fór, **11.** ál, **12.** stell, **14.** skafl, **16.** út, **17.** krá, **18.** til, **20.** at, **21.** igla.
LÓÐRÉTT: 1. tafs, **3.** áb, **4.** gjálfra, **5.** tól, **7.** fótstig, **10.** rek, **13.** lak, **15.** láta, **16.** úti, **19.** ll.

Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.
Límmiðaprentarar, álímingarvélar, filmuprentarar, bleksprautuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.

Vélmark ehf.
upplýsingar í síma: 445-9930.

UNNUR Í ARABÍSKA ELLE Heilsíðuumfjöllun um hönnuðinn Unni Friðriksdóttur birtist í febrúareintaki arabíska Elle.

UNNUR FRIÐRIKSDÓTTIR: HEILSÍÐUUMFJÖLLUN Í ARABÍSKA ELLE

Íslenskur hönnuður slær í gegn í arabaríkjunum

Töskur íslenska hönnuðarins Unnar Friðriksdóttur hafa vakið athygli á heimsvísu. Unnið fiskroð frá Íslandi er í lykilhlutverki í hönnun hennar, sem fjallað er um í febrúartölublaði Elle Oriental. Tímaritið er systurútgáfa hins fræga tískurits Elle og er gefið út í Mið-Austurlöndum á frönsku og arabísku. Á meðal þeirra lesenda sem geta nú fræðst um Unni eru því íbúar Líbanon, Egyptalands, Jórdaníu og Sádi-Arabíu.

„Elle setti sig í samband við mig eftir að fjallað var um vörurnar mínar á vörusýningu í Las Vegas í ágúst á síðasta ári. Þá bárust víst fréttir af „fiskibásnum“ manna á milli,“ segir Unnur og hlær við, en hún er búsett í Los Angeles. „Fyrst var bara talað um að það yrði birt lítil grein. Þegar franska Elle var búið að skoða þetta allt og samþykkja var greinin orðin að heilsíðu umfjöllun,“ segir Unnur, sem þykir mikill heiður að komast á síður svo virts tískutímarits.

Unnur hefur ferðast víða á síðustu árum, eða allt frá því að hún hélt í nám við Konunglega hönnunarskólann í Noregi. Þar einbeitti hún sér að kvenfatnaði, en hannaði frá upphafi fylgihluti með flíkunum. Á seinni árum hafa töskurnar svo „skotist svolítið fram fyrir fötin,“ eins og Unnur segir sjálf. Fyrsta töskulína hennar kom út á síðasta ári, en fyrir hana fékk Unnur nýsköpunarstyrk frá Hönnunarvettvangi. Línan var sýnd á hönnunarsýningunni Kviku í fyrra, en töskurnar sem birtast í arabíska Elle eru úr línu Unnar fyrir vor og sumar 2008.

ÍSLENSKT FISKIROÐ Í ARABÍU Töskur Unnar hafa vakið athygli á heimsvísu, en þar er unnið íslenskt fiskiroð eða sjávarleður í aðalhlutverki.

Vörur Unnar fást í versluninni Kraumi hér á landi, en þær eru einnig fáanlegar víðs vegar í Bandaríkjunum og Ástralíu. „Það er verið að vinna í samningum um dreifirétt í Japan og svo í arabaríkjunum, eftir þessa umfjöllun,“ segir Unnur, sem segir það ekki hafa verið upprunaleg áform sín að ná að selja töskurnar á heimsvísu. „Ég hugsaði ekki mikið um það til að byrja með, heldur það að hanna vandaða hluti með einhverja sögu á bak við sig,“ segir hún. „Ég er virkilega stolt af uppruna mínum og hef reynt að nota íslenskt hráefni eftir bestu getu í hönnun minni. Það er auðvitað frábært að áhugi á íslensku sjávarleðri sé fyrir hendi í arabalöndum.“

Hönnun Unnar má kynna sér á síðunni www.unnurwear.com.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þó að vonskuveður hafi sett strik í reikninginn á skemmtanahaldi einhverra á föstudagskvöldið létu gestir í stórafmæli athafnamannsins **Eyþórs Guðjónssonar** það ekki á sig fá. Eyþór varð fertugur í síðustu viku og hélt upp á áfangann með pompi og prakt með grímuballi í Iðnó á föstudagskvöldið, þar sem Daddi diskó lék undir dansi fram á rauða nótt.

Fjöldi góðra gesta í hinum kostulegustu búningum fagnaði með Eyþóri. **Dagur Sigurðsson** handboltahetja brá sér í gervi körfuboltamanns og **Júlíus Jónasson** mætti sem sjálfur íþróttaálfurinn. Mikil leynd hvíldi yfir búningum gestgjafa, en Eyþór klæddi sig upp á sem rómverskan stríðsmann prýddan gríðarlegu höfuðfati og kona hans, **Ingibjörg Guðmundsdóttir**, var í gervi sjóræningjastelpu. Tvíburarnir **Arnar** og **Bjarki** Gunnlaugssynir heiðruðu afmælisbarnið einnig með nærveru sinni.

Íslands- og Eyþórsvinirnir **Quentin Tarantino** og **Eli Roth** voru fjarverandi á föstudaginn, en heimildir herma að þeir hafi áformað óvænt innlit í veisluna. Eitthvað varð til þess að setja strik í reikninginn, en afmælisbarninu barst þess í stað kveðja yfir hafið. **- sun**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Miðlar danstónlist á Akureyri

Á Akureyri er starfrækt útvarpsstöðin Voice, sem sendir út á tíðninni 98,7. Árni Már Valmundarson er dagskrárstjóri stöðvarinnar og stendur vaktina yfir daginn ásamt fleirum. „Markhópurinn okkar er fólk á aldrinum 16-26 ára,“ segir hann. „Fyrst var miðað á eldri hóp en við yngdum upp því margir hafa farið flatt á því að reyna að keppa við risana, Rás 2 og Bylgjuna. Ungt fólk er ekki eins vanafast og þeir eldri. Lagavalið hjá okkur myndi ég segja að væri einstakt, en samt má kannski segja að við séum einhvers staðar mitt á milli X-ins og FM 95,7.“

Árni Már segir marga leggjast á eitt við að reka stöðina sem eingöngu er fjármögnuð með auglýsingum. Hann er stoltur af kvölddagskránni. „Við erum með aðkeyptan þátt frá Englandi á mánudagskvöldum, The Love Show með Bernie Simmons. Hann er með rómantíska tónlist, flottar pælingar og skúbb frá Hollywood. Þórhallur miðill er á þriðjudagskvöldum. Hann hefur verið hjá okkur síðan hann hætti á Bylgjunni fyrir rúmu ári og býr hérna á Akureyri núna. Hann fær símtöl frá fólki úti um allan heim og þátturinn hans er mjög vinsæll. Það má hlusta á gamla þætti á netinu og margir notfæra sér það. Darri Rafn, ungur Akureyringur með brennandi áhuga á hipp hoppi, sér um þátt á miðvikudögum og danstónlistarþátturinn No request er á fimmtudagskvöldum. Sá þáttur hefur verið frá byrjun á stöðinni og er geysilega vinsæll. Dj Sveinar er nýtekinn við þættinum. Í tenglsum við þennan þátt eru oft haldin No request kvöld á Sjallanum.“

VIKULEGA Á VOICE Þórhallur miðill er líka aðgengilegur á netinu.

Segja má að danstónlistin hafi sprengt sér leið út úr Voice því síðastliðinn föstudag var sett í gang útvarpsrásin Club Voice sem útvarpar eingöngu á netinu – „Fyrsta íslenska klúbbastöðin“, er hún kölluð. „Það má segja að það sé stöð fyrir lengra komna, bullandi danskeyrsla allan sólarhringinn. Stöðin hefur fengið góða dóma og það er mikið skrifað um hana á netinu,“ segir Atli Már og bætir við að góðir hlutir gerist hægt. „Stöðvarnar munu mótast og þróast hægt og rólega næstu misserin.“

BULLANDI DANSTÓNLIST, RÓMANTÍK OG HANDANHEIMAR Atli Már býður upp á fjölbreytta dagskrá á Voice á Akureyri.

Þú færð það á einum stað

England
70-90 cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **23.900**
án botns

Spain
70-90 cm fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. **18.900**
án botns

Finland
80x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **18.900**

France
140-160cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **41.900**
án botns

Denmark
86x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **18.900**

Greece
75-90 cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **21.900**
án botns

Norway
97,5x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **22.900**

Germany
100-120cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. **25.900**
án botns

Luxemburg
100x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **22.900**

Engin hlíf, hverskonar líf?

Algjört flóð?

Hér eru ráðin góð!

sturta.is

Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið lægra verð

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Saklaust gæðablóð?

Tvisvar hef ég séð stjórnmálaflokka veikjast heiftarlega. Sá fyrri dó drottni sínum í sælli trú á framhaldslíf á bleiku skýi jafnaðarstefnu á rauðum sokkum. Sagt hefur verið að þessi flokkur, sem hét Alþýðubandalagið, hafi dáið úr innanmeinum. Félaginn tryggi sem fylgdi húsbóndanum hvert fótmál hlaut sömu örlög. Hann hét Þjóðviljinn og dó við að breytast úr málsvara smáfólks í barefli fyrir framagosa og fagfólk í stjórnmálum til að lumbra hvert á öðru. Allavega var átakanlegt að horfa upp á helstríð flokks þar sem hinir aðskiljanlegu hlutar líkamans virtust einungis vera samtaka um að vilja vinna hver öðrum mein.

UM síðustu aldamót fóru menn að merkja svipuð sjúkdómseinkenni hjá Framsókn. Meðgöngutíminn gæti þó hafa verið lengri því að nokkru áður hafði hið hundtrygga flokksmálgagn gefið upp öndina. Hafandi horft upp á tvo stjórnmálaflokka dragast upp með þessum hætti rennur manni kalt vatn milli skinns og hörunds við að sjá að sá sjúkdómur sem reyndist svo skæður á hjáleigunum hefur stungið sér niður í þriðja sinn og er nú sestur að á höfuðbóli íslenskra stjórnmála.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN er ekki heill heilsu um þessar mundir; sömu svitaperlur á enninu; sama sóttheita augnaráðið, ráðvillt og starandi; sömu kvalafullu innantökurnar; sömu krampaköstin; sama óráðshjalið. Og síðast en ekki síst, flokksmálgagn, varðhundurinn sem má muna fífil sinn fegri.

Í þessum þremur tilvikum er greinilega um alvarlegan sjúkdóm að ræða. Einn sjúklinganna er ekki lengur í tölu lifenda. Framsókn mókir rænulítil og vafamál hvort íslensk öræfi luma á lífgrösum sem megna að koma maddömunni á fætur aftur. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hneigjast að íhaldssamri forneskju því að nú er talað um að blóðfórn sé eina leiðin til að blíðka örlaganornirnar. Í nafni nútímajafnréttis hefur þó verið ákveðið að fórna ekki hreinum meyjum í lækningaskyni heldur gamla góða Villa sem þjónað hefur flokknum af mikilli trúmennsku áratugum saman. Skyldi saklaust gæðablóð hafa nægilegan lækningamátt til að afstýra hinu óumflýjanlega?

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 11. febrúar, 42. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9:38	13:42	17:47
Akureyri	9:33	13:27	17:22

Heimild: Almanak Háskólans